



Fornleifaskráning í Akrahreppi Úlfstaðir og Kúskerpi



Smalavörður

Guðmundur St. Sigurðarson
Bryndís Zoëga

2008/72



© Guðmundur St. Sigurðarson, Bryndís Zoëga
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2008/72

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Inngangur | 2 |
| Tilgangur fornleifaskráninga | 2 |
| Fornleifaskráning og aðferðir | 3 |
| Helstu minjaflokkar | 5 |
| | |
| Úlfsstaðir í Blönduhlíð..... | 10 |
| Sögu ágrip, náttúrufar og jarðabætur..... | 10 |
| Hjáleigur og tengdar jarðir | 14 |
| Fornleifaskrá | 16 |
| | |
| Kúskerpi í Blönduhlíð..... | 54 |
| Söguágrip, náttúrufar og jarðabætur..... | 54 |
| Fornleifaskrá | 58 |
| | |
| Samantekt..... | 88 |
| Minjar og varðveislugildi | 88 |
| Fornleifar í landi Úlfsstaða..... | 88 |
| Fornleifar í landi Kúskepis..... | 89 |
| Áhugaverðir staðir til kynningar eða rannsókna | 89 |
| | |
| Heimildaskrá | 91 |
| | |
| Fylgiskjöl | 93 |
| Skrá yfir myndir | 94 |

Inngangur

Sumarið 2007 var byrjað á fyrsta áfanga skipulegrar fornleifaskráningar í Akrahreppi. Skráningar einstakra fornleifa og afmarkaðra svæða í tengslum við ýmsar framkvæmdir, s.s. lagningu vega og hitaveitu hafa að vísu farið fram víða í hreppnum, en heildarskráning einstakra jarða ekki fyrr en nú. Markmið slíkrar skráningar er að skrá minjaheildir, þ.e. allar fornminjar sem tengjast einni jörð og nýtingu hennar. Minjar í heimatúni, auk stekkja, beitarhúsa, selja o.s.frv. og reyna með því að öðlast nokkra yfirsýn yfir þær minjar sem heyrt hafa saman í tíma og rúmi. Auk þess að gefa mikilvægar upplýsingar um landnýtingu og byggðapróun fyrri alda, er skráning af þessu tagi mikilvægt tæki til minjavverndar og nauðsynlegur undanfari aðalskipulagsgerðar innan hreppsins.

Að þessu sinni voru eftirfarandi jarðir skráðar: Silfrastaðir, Úlfssstaðir, Kúskerpi, Djúpidalur og Torfmýri. Vettvangsvinna var í höndum Guðmundar St. Sigurðarsonar og Bryndísar Zoëga. Skýrslu- og kortagerð var í höndum Guðmundar, en yfirumsjón með verkinu hafði Guðný Zoëga deildarstjóri Fornleifadeilda Byggðasafns Skagfirðinga.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfí verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirk;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til“. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalaus. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknarvinnu og við skipulag eða kynningu minjastaða.

Það er augljós hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Við það vinnst tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er hvorki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar né framkvæmdaaðila og þess vegna sameinar fornleifaskráning hagsmuni beggja, fræðigreinarinnar og þeirra sem að framkvæmdum standa.

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu.

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum eða teikningum eftir því sem við á.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Úlfssstaðir 146351, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens (1847)¹, 208 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hverrar jarðar; bærinn á Úlfssstöðum er þá nr. 1 og auðkenndur með eftifarandi hætti: Úlfssstaðir 146351 - 208 - 11. Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum eru minjar horfnar af yfirborði þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Gíslhús, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. hesthús eða hlaða.

Lega

Þegar staðsetning minja er þekkt er nákvæm staðsetning þeirra skráð. Tekin voru GPS hnít á vettvangi og þau færð í skrána. Hnitin eru tekin í landshnitakerfinu ISN93. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

¹Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn: J. Johnsen, 1847.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Heimildamenn

Heimildamenn við skráningu Djúpadals og Torfmýrar voru Sigurður Hansen í Kringlumýri, sem fæddur er og uppalinn í Djúpadal og Eiríkur Skarphéðinsson sem búið hefur í Djúpadal alla sína ævi og er núverandi eigandi og ábúandi jarðarinnar á móti Sigurði sem á ¼ af jörðinni. Torfmýri á Eiríkur til hálfs við móður sína Elínborgu Guðmundsdóttur.

Saga jarðanna og fornleifar

Í sögukaflanum er stiklað á stóru um landkosti, umbætur og aföll jarðarinnar í gegnum tíðina. Í fornleifaskráningar kaflanum eru upplýsingar um hverja og eina fornleif skráðar ásamt öllum þeim upplýsingum sem hana snerta. Af þessum sökum gætir tölverðra endurtekninga þar sem sömu upplýsingar snerta oft fleira ein eina fornleif.

Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í two flokka, minjar í túni og minjar utan túna. Þær minjar er mesta sögu geyma eru bæjarstæði/hólar og umhverfi þeirra. Stærsti minjaflokkurinn saman stendur hinsvegar af úтиhúsum hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur úтиhúsa er sjaldnast þekktur en oft voru þau byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er ekki alltaf hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

Minjar í túni

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styrttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmi tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem úтиhús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru yfirleitt mjög nærrí bæjarstæðum.

Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á **hálfkirkjum**, svokölluðum útkirkjum (annexum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á **fjórðungs-** og **priðungskirkjum** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

Bænhús voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærrí bæjarstæðinu, umhverfis kirkjurnar. Elstu kirkjugarðar virðast hafa verið hringlaga en urðu seinna ferhyrndir. Fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur benda til að víðar hafi verið jarðað en ætlað hefur verið, og gefa vísbindingu um að fjöldi kirkna hafi verið meiri á fyrstu öldum kristni í landinu en síðar varð.

Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

Fjós: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærrí því.

Fjárhús: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóft eða stalla undan jötum upp við veggi. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar við fjárhústóftir.

Hrútakofar: Smærri kofar oft yst í túni.

Lambhús: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

Hesthús: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

Smiðjur: Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Kofar: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar, eldiviðarkofar.

Brunnar: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferhyrndir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

Myllur: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúnar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllustéina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læki. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að

tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

Kvíar og stekkir: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en þær voru einn dilkur,. Kvíar voru yfirleitt hlaðnar upp þar til síðustu áratugi fráfærnaskeiðs að farið var að nota færkvíar úr timbri og yfirleitt staðsettar á kvíabóli.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Kuml/haugur/dys/kumlateigur: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfnni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornmannna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

Réttir: Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðheldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilda.

Stekkir: Eru smáréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráfærur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólna ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

Nátthagar: Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttna, en sleppt til ánya á daginn. Nátthagarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftar en ekki í næsta nágrenni við bæi.

Sel: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn

með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Stöðull: Kýr voru mjólkadár á stöðli. Þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

Beitarhús: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkura kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftar en ekki er hlaða áfost fjárhúsunum.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingsar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smálkofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

Heytóftir/heystæði/heykuml/heygarðar: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

Fjárborgir: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

Garðlög: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bærjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeinigar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landmerkjagarðar.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnsléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttanáð var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttanáðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

Við sjó/vötn

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kunna þar að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar.

Sjóhús/verbúðir: Sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

Fiskbyrgi: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

Hjallar: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuðu upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

Naust/hróf: Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra veggħleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátsluga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

Uppsátur: Þar settu menn upp báta. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur voru líka til en eru sjaldgæfari.

Fiskgarðar: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

Úlfssstaðir í Blönduhlíð

Landareignin Úlfssstaðir liggur suðvestur-norðaustur, nokkuð aflöng. Úlfssstaðir eiga land að Kúskerpi með allri suðausturhlíðinni. Héraðsvötnum að suðvestan, gegnt Héraðsdal rétt austast en annars að Steinstöðum og Laugabóli vestar. Sunnuhvoll, áður Úlfssstaðakot, á land meðfram allri norðvestur hlíðinni. Að norðaustan nær Úlfssstaðaland að fjallsbrún, gegnt landi Miðsitju.

Pá er í Borgargerðisfjalli svokallaður Úlfssstaðapartur, milli Skriðugils og Fremra-Selgils, upp á fjallsbrún. Eigandi Borgargerðis flutti að Úlfssstöðum 1917. Þegar hann seldi jörðina bón danum á Egilsá hélt hann eftir fremsta hluta jarðarinnar, sem er svokallaður Úlfssstaðapartur.

Parturinn fylgdi Úlfssstöðum, til 1999 þegar Helgi Friðriksson seldi jörðina félagsbúinu á Kúskerpi og en hélt partinum eftir. Helgi hélt einnig eftir skógræktarreit sunnan við Grófarlæk sem og fimmtungs eignarhlut Úlfssstaða í Steinsstaðahólma.

Sögu ágrip

Úlfssstaðir eru í landnámi Hjálmólfs eins og fram kemur í landnámu: „Maðr hét Hjálmólfur, er land nam um Blönduhlíð“² Melabók og hauksbók hafa það „ofan um Blönduhlíð“. Landnám hans er talið hafa náð frá Djúpadalsá í norðri að Bóluá í suðri“.³ Ekki er sagt hvar Hjálmólfur settist að, en hann hefur af mörgum verið tengdur Úlfssstöðum. Brynjólfur Jónsson taldi Hjálmólf hafa heitið Úlf réttu nafni en hann verið kenndur við hjálm og því nafni skeytt framan við líkt og í nafninu „Hjör-Leifr“.⁴ Þannig taldi hann óhætt að álykta að um sama mann væri að ræða og landnámsmaðurinn Hjálmólfur hefði búið á Úlfssstöðum. Á merkjum Úlfssstaða og Kúskerpis er hóll sem ber nafnið Úlfshaugur og meinast að vera legstaður fyrsta ábúandans. Ekki er vitað til að grafið hafi verið í hólinn og er óvist að um mannaverk sé að ræða.

Úlfssstaðir koma fyrir í Sturlungu í aðdraganda Örlygsstaðabardaga 1238 og aftur árið 1259 í tengslum við kaup og sölu jarðarinnar. Jörðin kemur fyrir í máldaga Auðuns biskups rauða fyrir Víðivallakirkju árið 1318 og þá er þar. Þar segir að Víðivallakirkja taki 4 merkur í leigu af kirkjunni á Úlfssstöðum og er það jafnhátt og á heimakirkjunni.⁵ Þetta er áréttar að í máldaga Péturs biskups frá 1394 sem bendir til að þetta hafi verið alkirkja.⁶ Árið 1432 er hins vegar talað um hálfkirkju á Úlfssstöðum.⁷ Í jarðabókinni frá 1713 virðast öll ummerki um kirkjuna horfin, en þar segir: „Munnmæli eru hjer hafi að

² Landnáma. III bindi, bls. 8., sbr. Brynjúlfur Jónsson (1906), „Rannsókn í Norðurlandi sumarið 1905“ Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1906. Reykjavík: Ísafoldarprensmiðja 1907. Bls. 25.

³ Margeir Jónsson, „Frásögn Landnámabókar um landnám í Skagafirði“, í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags, 1927, bls. 28.

⁴ Brynjúlfur Jónsson (1906), bls. 25.

⁵ DI II, bls. 462, sbr. *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, bls. 371.

⁶ DI III, bls. 511, sbr. *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, bls. 371.

⁷ DI III, bls. 535, sbr. *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, bls. 371.

fornu kirkja verið og enn heitir hjer Kirkjutóft og Kirkjuhóll. Ekki vita menn þar til annað.⁸ Hjalti Pálsson getur sér þess til að hugsanlega hafi kirkjan verið aflögð í kringum síðaskiptin.⁹

Náttúrufar og jarðabætur

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Norðurlandsvegur er á eyrum Héraðsvatna, nærri vestast í landi Úlfsstaða sem er þar um 1200 m breitt. Bærinn stendur í hallandi landi [...] austan vegarins en neðan brekkunnar og norður eftir er víðáttumikið flatlendi sem allt hefur verið lagt undir tún og kornakra. Túnið er í brekkunni niður frá bænum en ysti hluti hennar er óræktaður og suður og niður frá bæ er grýtt brekka sem tekin hefur verið til skógræktar, talsvert á annan hektara að stærð. / Suður og upp frá bænum nær túnið upp að brattri brekku þar sem fjallshlíðin byrjar, sæmilega gróin en hjallaskipt með klapparröngli sums staðar og syðsti hlutinn mjög grýttur. Miðhlíðis eru tveir langir og áberandi hjallar með klettabrún. Heitir sá efri Stóll en neðar Árgilshjalli þar sem Grófarlækurinn kemur ofan úr Skál og hefur grafið sér gil niður gegnum hjallana. Efsti hluti fjallsins er klettum krýndur. Öll er fjallshlíðin mjög breytileg að gerð þar sem skiptast á hjallar og mýrarsund, vallendisgeirar, holt, mosabembur, klettaborgir og skriður. Stærð landsins er 504 ha. Þar af 45 ha. tún. Um 45% af landinu er vel gróið.“¹⁰

Árið 1392 er jörðin sold Hólastóli á „fimtigi hundrada vadmala“¹¹ þ.e. 5000 álnir og svarar það til þess að jörðin hafi verið metin á 41,7 hdr.¹²

Árið 1449 voru 8 kúgildi á Úlfsstöðum og landskuld 5 hundruð (landskuldin er jafnan talin upp í löngu hundraði í jarðabókunum, þ.e. 1 hdr. = 120 al., hér er því um 600 álnir að ræða). Ekki er sagt hvert mat jarðarinnar sjálfrar var, en venja var að landskuld væri tekin í hlutfallinu 20:1¹³, þ.e. 5% skattur, jarðarmatið væri þá 100 hundruð. Árið 1569 var landskuldin 4,5 hundruð (eða 540 al) en kúgildi 6.¹⁴ Það myndi svara til þess að jörðin hafi verið metin á 90 hdr. sé miðað við sama skatthlutfall. Hvort tveggja veldur þó furðu háu jarðamati, ekki síst miðað við söluverð jarðarinnar 60 árum fyrr og seinni tíma mats, það er því ólíklegt að þetta fái staðist. Mjög ólíklegt er að jarðamatið hafi farið úr 40-50 hdr upp í 90-100 hdr. á þessu tímabili 1449 til 1569 nema þá hafi meira land tilheyrt Úlfsstöðum, en engar heimildir eru fyrir því. Líklegra að jarðamatið hafi áfram

⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. IX bindi, Skagafjarðarsýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller. 1930. Bls. 168. Hér eftir JÁM IX og blaðsíðatal.

⁹ *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, bls. 371.

¹⁰ *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, bls. 368-369.

¹¹ DI III, bls. 480.

¹² Ef miðað er við langt hundrað ætti jarðamatið að vera 50 hdr. þ.e. ef kaupverðið „fimtigi hundrada vadmala“ þýðir í raun 6000 álnir. En eitt langt hundrað er sama og 120 álnir (1 hdr. = 120 al.).

¹³ Lárus Björnsson (1967), bls. 254

¹⁴ DI V, bls. 35., XV, bls. 224.

verið á bilinu 40-60 hdr. en leigjendurnir verið að greiða um 11% skatt. Hvað veldur þessari háu skattbyrði er hins vegar ráðgáta.¹⁵

Í jarðabókunum frá 1686 og 1695 eru kúgildin enn 6 en landskuldin komin niður í 2 hdr. og 80 álnir (320 álnir). Sem svarar þá til 53 hdr. og 40 al. í jarðamati ef miðað er við 5% skatt og er þetta er töluvert nær því sem eðlilegt gæti talist.

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1713 er jörðin metin á 60 hundruð með eyðihjáleigunum Úlfssstaðakoti og Kárakinn. Í heild er landskuld 2 hdr. og 40 álnir (s.s. 280 álnir, hér er því ekki tekinn nema tæplega 4% skattur) og leigukúgildi 6. En sagt að áður hafi landskuld Úlfssstaða verið 2 hdr og 80 álnir (sbr. jarðabækurnar frá 1686 og 1695) og þar áður 3 hdr. að ætlan manna (360 álnir sem myndi svara til jarðamats uppá 60 hdr. sé miðað við 5% skatt).¹⁶ Í jarðabókinni segir enn fremur: „Torfrista og stunga bjargleg. Móskurður hefur verið, brúkast ei. Veiðivon [...] Munnmæli segja að þessi jörð eigi lambaupprekstur á Silfrastaðaland og komi þar á móti móskurður í þessarar jarðar landi. [...] Túni og engjum granda lækir sem bera á það grjót og leir til stórskaða. Úthögum spilla skriður úr fjalli til stórmeyina. Hætt er kvikfé fyrir lækjum og jarðföllum. Héraðsvötn brjóta landið.“¹⁷ Eitthvað hefur líklega verið um að ábúendur gerðu lítið úr gæðum jarða sinna og mikið úr hættunum sem steðjuðu að landi og búfenaði, enda hafa menn þá sem nú síður viljað borga meiri skatt en minni.

Árið 1849 segir um túnið að það sé „hérumbil 13 dagsláttur, hérumbil að helmingi slétt, sæmilega ræktað, fóðrar til jafnaðar 4 kýr. Engið er víðslæg, sumpart þýft, mestpart votlendt, sæmilega grasgefið og heygott. Bithagi er mjög lítill til fjalls þar skriða úr bæjarlæk hefur tekið talsvert grasland af og landlétt yfir hörðu en jarðsælt á vetrum. Torfrista er brúkanleg. Til jafnaðar framfærir heimajörðin 4 kýr, 72 ær, 60 sauði og 36 lömb, eður 20 hundruð.“¹⁸ Árið 1861 var jörðin metin á 37 hdr. með hjáleigunni Úlfssstaðakoti, en heimajörðin sérmetin af sýslumanni og hreppstjórum á 28 hdr.¹⁹ Þess má geta að á þessum tíma 1848-1861 var gerð tilraun til að samhæfa jarðamat yfir landið í heild og hafði það í för með sér breytingar á mati margra jarða og gæti þessi lækkun skýrst að hluta af því.²⁰

Árið 1918 er túnið 510 arar, að 2/5 slétt, í góðri rækt og gefur af sér 180 hesta. Engjar víðáttumiklar, samfelldar, greiðfærar, grasgefnar og þurrar, vatni veitt á nokkurn hluta þeirra. Gefa af sér 500 hesta af góðu heyi. Beitiland snjólétt og vorgott, góð hestaganga. Smalamennska hæg. Vegur til kauptúns langur en allgóður. Úlfssstaðakot á sameiginlegt beitiland við Úlfssstaði. Hús allgóð. Jörðin er í sjálfsábúð en landskuld talin

¹⁵ Þess má geta að sama ár, 1569, er landskuldin á Kúskerpi, næsta bæ, 1 ½ hdr. og sami kúgilda fjöldi, 6. En jarðamat Kúskerpis er um þetta leiti 30 hdr. og samræmist þetta reglunni um 5% skatt.

¹⁶ JÁM IX, bls. 168.

¹⁷ JÁM IX, bls. 168-169.

¹⁸ Jarðabók 1849, nr. 246. sbr. Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 371.

¹⁹ sbr. Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 371.

²⁰ Gísli Gunnarsson. „Hversu stór er einingen hundrað, sem notuð var um stærð jarða?“

Vísindavefurinn 2.4.2002. <http://visindavefur.is/?id=2256>. (Skoðað 28.10.2007).

12 sauðir, kúgildi 4. Landið er metið á kr. 5.100, hús á kr. 1.300, tíu ára umbætur á kr. 200. Samtals 6.600.²¹ Árið 1922 eru Úlfsstaðir metnir á 7.400 krónur, árið 1942 á 19.000 kr, árið 1966 á 2.923.000, árið 1985 á 4.152.000 og árið 2000 á 15.590.000 krónur.²²

Af þessu má sjá að umtalsverðar breytingar verða á skattbyrði ábúenda Úlfsstaða fyrr á oldum, frá 1449 til 1713, fer landskuldin t.a.m. úr 5 hdr. (600 al) niður í 2 hdr. og 40 álnir (280 al.), meiri en helmings lækkun. Hugsanlega er fátækra framfærsla ekki reiknuð með í jarðabókinni frá 1713 og gæti það skýrt af hverju skatturinn er þá aðeins 4% í stað 5% sem var algengast. Samt sem áður er þetta gríðarlegur munur. Sjálft jarðamatið er ekki gefið upp árið 1449 en sé miðað við 5% skatt, hefur það verið 100 hdr. sem er afar ólíklegt og nær að álykta að skatprósentan hafi verið í kringum, 11% og jarðamatið á bilinu 40-60 hdr., eins og það virðist hafa verið bæði fyrir og eftir (41,7-50 árið 1390 og 60 hdr. árið 1713). Hvað veldur þessari háu skattbyrði er hins vegar ráðgáta, eins og áður segir.

Breytingar á jarðamatini, að svo miklu leyti sem hægt er að ráða í þær, virðast hafa verið fremur litlar. Jörðin er metin á 40-50 hdr. á síðari hluta 14. aldar, 15. og 16. öldin eru fremur óljósar en líklega er matið þá svipað, á bilinu 40-60 hdr. Snemma á 18. öld er jörðin komin upp í 60 hdr. en fer svo niður tæp 40 hdr. aftur um miðja 19. öldina. Erfitt getur verið að sjá af þessum tölum hvernig landshagir hafa raunverulega þróast, enda margt sem taka verður tillit til þegar kemur að jarðamötunum gömlu. Eftir að kemur fram á miðja 20. öld hækkar mat jarðarinnar nokkuð ört samfara jarðaumbótum sem urðu um allar sveitir í kjölfar aukinnar vélvæðingar.

Eignarhald

Úlfsstaðir koma fyrir í Sturlungu í aðdraganda Örlygsstaðabardaga 1238 og aftur árið 1259 þegar Páll Kolbeinsson selur Gissuri Þorvaldssyni Reynistað en kaupir Úlfsstaði þess í stað og flyst þangað. Að öðru leyti er ókunnugt um eignarhald Úlfsstaða þar til greint er frá því í fornþréfi frá 1392 að Andrés „baggi“ Bergþórsson og Ragnhildur Steingrímsdóttir selji Jóni skalla Hólabiskupi jörðina fyrir „fimtigi hundrada vadmala“²³. Eftir það voru Úlfsstaðir í eigu Hólastóls rúmlega 400 ár, eða fram til 1802 að þáverandi ábúandi, Hildibrandur Guðmundsson, kaupir jörðina fyrir 611 rd, ásamt hjáleigunni Úlfsstaðakoti.²⁴ Frá þeim tíma hefur jörðin verið í bændaeign.

²¹ sbr. tilvitnin í Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 370-371, Jarðalýsing 1918.

²² sbr. Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 371.

²³ DI III, bls. 480.

²⁴Sbr. Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 369-370.

Hjáleigur og tengdar jarðir

Trafali

Lítið er vitað um staðinn annað en að í jarðabókinni frá 1713 segir: „Trafale heitir hjer mór í landinu, sjest þar til girðinga, so sem verið muni hafa þrælsgerði. Ekki vita menn hjer hafi önnur bygð verið.“²⁵ Trafali var mór suður og austan við bæinn á Úlfsstöðum, þar er nú tún og óvist hvar bærinn gæti hafa staðið. Ein kenning er að það hafi verið efst á túninu suður undan Grófarlæknum. (Sjá nánar, Úlfsstaðir 146351 – 208 - 20).

Í hnottskurn: Meint fornþýli, farið í auðn löngu fyrir 1700, upphaf og endalok byggðar ókunn að öðru leyti. Líklega undir túni í landi Úlfsstaða

Kárakinn / Rétt

Ekki er vitað hvenær Kárakinn var skipt útúr landi Úlfsstaða. Fram kemur í jarðabókinni frá 1713 að Kárakinn hafi verið „í auðn undir 30 ár“, eða frá því um eða skömmu eftir 1680. Þá töldu menn landskuldina þar hafa verið 30 álnir og kúgildi engin.²⁶ Kárakinn virðist því hafa verið metin á um 5 hdr. (Sjá nánar Úlfsstaðir 146351 – 208 – 13 til 17)

Í hnottskurn: Upphof byggðar óvist, fór í eyði um eða eftir 1680. Hefur haft sér tún, en engi og hagaganga að líkindum sameiginleg með Úlfsstöðum. Er í dag hluti Úlfsstaða.

Úlfsstaðakot (Sunnuhvoll)

Ekki er vitað nákvæmlega hvenær hjáleigan Úlfsstaðakot skiptist útúr Úlfsstaðalandi. Fram kemur í jarðabókinni Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1713 að Úlfsstaðakot hafi farið í eyði fyrir tveimur árum (líklega 1707 þar sem þeir voru í Skagafirði árið 1709). Meðan kotið var í byggð er landskuld sögð hafa verið 60 álnir og kúgildi 2.²⁷ Úlfsstaðakot virðist því hafa verið metið á 10 hdr. á þeim tíma, sé miðað við 5% skatt sem var venja. Árið 1802 kaupir ábúandi Úlfsstaða, Úlfsstaði ásamt kotinu á uppboði Hólastólsjarðanna. Árið 1861 er Úlfsstaðakot talið með heimajörðinni, en metið á 9 hdr. af sýslumanni og hreppstjórum.²⁸

Í hnottskurn: Upphof byggðar óþekkt, fór í eyði í kringum árið 1707 (hugsanlega aftur 1783 í móðuharðindum). Engi og tún sér, en líklega sameiginlega hagaganga með Úlfsstöðum. Þar er nú jörðin Sunnuhvoll.

Borgargerði

²⁵ JÁM IX, bls. 169.

²⁶ JÁM IX, bls. 169.

²⁷ JÁM IX, bls. 169.


²⁸ sbr. Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 371.

„Býli með nafnendingunni –gerði eru tíðast ekki eldri en frá 16. öld.“²⁹ Árið 1560 eignaðist Hallótta Þorleifsdóttir Silfrastaði af erfðum en hálf jörðin var að vísu dæmd af henni nú árum síðar, hún bjó á Silfrastöðum með manni sínum Brandi Ormssyni a.m.k. fram til 1580. Það ár seldu þau Gunnari Gíslasyni á Víðivöllum hálfa jörðina og Borgargerði. Borgargerðis er getið í jarðabókinni 1686 en jörðin fór í eyði 1917 þegar ábuandinn fluttist að Úlfsstöðum. Hann seldi síðar jörðina bón danum á Egilsá en hélt eftir fremsta hluta jarðarinnar, milli Skriðugils og Fremra-Selgils, upp á fjallsbrún, svokölluðu Selfjalli. Þetta er nú kallað Úlfsstaðapartur. Þetta land fylgdi eftir það Úlfsstöðum, allt fram til 1999 þegar Helgi Friðriksson seldi jörðina félagsbúinu á Kúskerpi, en hélt þessu landi eftir.

Í hnottskurn: Líklega ekki eldri en frá 16. öld, í eyði síðan um miðja 20. öld. Í eigu eigenda Úlfsstaða árin 1917-1999.

²⁹ Sbr. Orri Vésteinsson (2000). *Fornleifakönnun - Hringvegur í Norðurárdal í Skagafirði*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. Bls. 7.

Fornleifaskrá



Loftmynd 1, túnakort frá 1919 lagt yfir loftmynd af Úlfssstöðum. Númerin á myndinni eru raðnúmer minjanna eins og þau koma fyrir í skýrslunni: 1 Gamli bærinn; 4 óskilgreint peningshús; 5 fjárhús; 17 Bergshús norðvestan við heimatánið á sama stað og eyðihjáleigan Kárakinn, 33 og 34 óskilgreind peningshús.

Minjar innan túns

Úlfsstaðir 146351 - 208 - 1

Hlutverk: Bær

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 488290 N 552950

Ástand: Horfinn

Hættumat: Nokkur hætta. Þarna eru gætu minjar verið í hættu ef hreyft er við jarðvegi.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Klöppin og bæjarhús 2004“ segir: „Íbúðarhúsið á Úlfsstöðum stendur rétt sunnan við Bæjarlækinn en hann leggur sína leið niður á milli húsa staðarins, en beygir til suðurs spölkorn neðar. Spöl austan við íbúðarhúsið er Skjólbelti úr trjágróðri. Neðsta hús norðan lækjar er jarðhús (kartöflugeymsla) og í Hvamminum framan (vestan) við það er líttill trjáreitur. Þar, skammt austan við jarðhúsið hefur líklega gamli bærinn staðið.“ (bls. 12). Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Horfin bæjarhús og fleira“ segir: „Eldra íbúðarhúsið stóð norðan við lækinn, sunnan við fjóshlöðuna sem nú er. Það var látið hverfa þegar nýja húsið var komið upp. Framan (vestan) við það hús mun gamli bærinn hafa staðið? líklega austar en jarðhúsið (kartöflugeymslan) er núna.“ (bls. 13). Miðað við túnakort virðast bæjarhúsin hins vegar hafa staðið nokkru norðvestar eða á svipuðum slóðum og núverandi fjós. Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Eins og nú háttar til á Úlfsstöðum árið 2007 er stór niðurgróinn steinn ($65^{\circ}28'494/19^{\circ}15'164$) sunnan við fjósið. Umhverfis hann er hringvegur, um 40 m að þvermáli, framan við bæjarhlæðið sem var. Þessi steinn var framan við útidyr gamla torfbæjarins.“ (Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 371).

Lýsing:

Inní hringtorginu norðanverðu virðist mega greina garðlag (146351 - 208 - 7). Þetta er þó fremur óljóst. Hugsanlega tengist þetta bæjarhúsunum þótt að vísu virðist hér frekar um garðbrot af einhverju tagi að ræða heldur en húsvegg.

Aðrar upplýsingar:

Í sjálfsævisögu sinni *Hofdala Jónas* lýsir Jónas Jónasson bænum á Úlfstöðum í frásögn af komu sinni þangað síðla vetrar kringum 1890 þá barn að aldri: „Á Úlfsstöðum var þá framhús nýlega byggt og allreisulegt. Syðst voru rúmgóðar bæjardyr, norðan þeirra stofa allstór, og var loft yfir öllu húsinu. Kvistherbergi var yfir bæjardyrunum, og snéri það frá austri til vesturs. [...] Kvisturinn var 5 - 6 álna langur á að giska, en breiddin nærfellt hálfu minni [...]“ Þar var kennslustofa á þessum tíma.

Heimildaskrá:

Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson.

Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

Jónas Jónasson (1979) *Hofdala-Jónas: sjálfsævisaga, frásögubættir, bundið mál.*
Akureyri: Bókaforlag Odds Björnssonar, 1979.
Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Úlfssstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.

Úlfssstaðir 146351 - 208 - 2

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Staðhættir:

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1713, segir: „Munnmæli eru að hér hafi að fornu kirkja verið og enn heitir hér Kirkjutóft og Kirkjuhóll. Ekki vita menn þar til annað.“ (bls. 168). Örnefnin Kirkjuhóll og Kirkjutóft eru ekki þekkt í dag og því óvist hvar meint kirkja á að hafa staðið.

Lýsing:

Engar vísbendingar fundust um kirkjubyggingu á vettvangi 2.ágúst 2007.

Aðrar upplýsingar:

Kirkjur voru gjarnan mjög skammt frá bæjum þótt það sé ekki algilt. Einn hóll sem til greina kemur sem hinn svokallaði Kirkjuhóll, er hóllinn suður af fjósínu, en jarðhýsi er grafið inní hólinn suðvestanverðan. Garðlag úr torfi og grjóti er undir girðingu norðvestan við hólinn sem virðist ekki ýkja gamalt, en þarna suðvestan í hólnum var kartöflugarður fyrir 1970 (sbr. Örnefnaskrá RI). Þessi garður gæti því hafa myndað norðvesturhlið kartöflugarðsins. Ekki er útilokað að þessar hleðslur séu ofan á eldri hleðslum hugsanlegs kirkjugarðs, en í kartöflugarðinum fundust á sínum tíma mannabein (sbr. Örnefaskrá RI). Þá virðast vera garðlög inní „hringtorginu“ þar ofan (norðaustan) við, sem gætu einnig hugsanlega verið leifar kirkjugarðs þótt útilokað sé að fullyrða um það án frekari rannsókna.

Heimildaskrá:

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. IX bindi, Skagafjarðarsýsla.

Kaupmannahöfn: S.L. Möller. 1930.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Úlfssstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.

Úlfsstaðir 146351 - 208 - 3

Hlutverk: Kirkjugarður

Tegund: Heimild/ Mannabeinafundur

Staðsetning: A 488258 N 552931

Hættumat: Lítill hætta, nema hreyft sé við jarðvegi.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Horfin bæjarhús og fleira“ segir: „Framan (vestan) við áðurnefnt jarðhús, norðan við lækinn, heitir Hvammur og er þar þrep í landslaginu. Í honum er skógarblettur rétt norðan við heimveginn og austan við trjálundinn uppi á brúninni var Kartöflugarður fyrir 1970.“(bls. 13). Mannabeinafundir benda til að kartöflugarðurinn hafi verið á gamla kirkjugarðinum.

Lýsing:

Meðfram hólnum að norðvestan og niður fyrir trjálundinn liggur garðlag í norðaustursuðvestur á 37m kafla. Garðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti um 1m breiður og 30sm hárr og girðing er ofan á honum eftir endilöngu. Mögulega er þetta norðvesturhlíðin á kartöflugarðinum. Nákvæm staðsetning á beinafundinum liggur ekki fyrir, en miðað við lýsingar ætti það að vera suðaustan við garðinn ofan (austan) við trjálundinn í hvamminum (eða c.a. A 488258 N 552931). Þarna suðvestan í hólnum er í dag niðurgrafen kartöflugeymsla. Þá virðist vera garðlag (146351 - 208 - 7) inní „hringtorginu“ þar ofan (norðaustan) við, sem gæti tengst kirkjugarðinum eða gamla torfbænum sem er að vísu líklegra.

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Horfin bæjarhús og fleira“ segir: „Par hefur verið grafreitur áður, því að þar voru að finnast mannabein [fyrir 1970]. Bæjarlækurinn var þá norðan við heimveginn en fór suður fyrir veginn um ræsi. Eitthvert sinn er vöxtur (flóð) var í læknum braut hann úr bökkum sínum og komu þá einnig mannabein í ljós. Lækurinn var svo færður suður fyrir veginn.“(bls. 13). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Suður og niður frá vesturenda fjóssins er kartöflugeymsla frá níundaáratungum, grafin inn í hólinn vestan frá. Sunnan og ofan við þetta jarðhús er flötur þar sem var kartöflugarður fram um 1970. [...] Í kartöflugarðinum fundust alltaf mannabein af og til þegar garðurinn var stunginn upp. Eitt sinn þegar menn grófu þar niður kartöflur til geymslu að vetrinum komu þeir niður á heila beinagrind. Einnig er í minnum haft að einhverju sinni meðan lækurinn rann enn í sínu gamla fari hljóp í hann vöxtur svo að hann reif úr bökkum sínum og bar þá fram mannabein. [...] Bæjarlækurinn rann áður rétt sunnan við torfbænn og niður í Hvamminn svonefnda sem er framan í brekkunni norðan við heimveginn.“ (Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 371-372).

Heimildaskrá:

Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson.

Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Úlfsstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.



Mynd 1, garðlag (146351 - 208 - 32) norðan við Hvamminn neðan við kartöflugeymsluna. Þar norðan við (til hægri á myndinni) má greina lægðir í túninu líklega leifar útihúsanna sem sýnd eru á túnakorti frá 1919 (146351 - 208 - 4). Myndin er tekin til norðvesturs. Ljósm. BZ.

Úlfsstaðir 146351 - 208 - 32

Hlutverk: Óþekkt/Kartöflugarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 488246 N 552934

Ástand: Hleðslur standa grónar

Hættumat: Nokkur hætta. Minjarnar eru í hættu vegna almennrar landnýtingar, ágangi búfjár og jarðræktar.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Horfin bæjarhús og fleira“ segir: „Framan (vestan) við áðurnefnt jarðhús, norðan við lækinn, heitir Hvammur og er þar þrep í landslaginu. Í honum er skógarblettur rétt norðan við heimveginn og austan við trjálundinn uppi á brúninni var Kartöflugarður fyrir 1970.“ (bls. 13).

Lýsing:

Norðan við Hvamminn liggar garðlag á um 37m kafla beint til norðausturs upp norðvestan við hólinn þar sem kartöflugeymslan er núna, sunnan við núverandi fjós.

Garðurinn er um 1m breiður og 40sm hár þar sem hann er hæstur. Það sést í grjót víða í garðinum sem annars er vel gróinn. Girðing er ofan á garðinum, eftir honum endilöngum.


Aðrar upplýsingar:

Hugsanlega hefur garðurinn verið hlaðinn undir girðingu, en ekki er útilokað að hann hafi upphaflega staðið einn. Líklega hefur hann myndað norðvesturblið kartöflugarðsins sem þarna var í notkun fyrir 1970. En ef marka má sagnir um mannabeinafundí á staðnum þá eru líkur á að á samastað hafi verið kirkjugarður í eina tíð og þá spurning hvort garðurinn sem nú sést undir girðingunni sé ofan á eldri hleðslum hans. Í kaflanum „Horfin bæjarhús og fleira“ segir Rósmundur: „[...] austan við trjálundinn uppi á brúninni var Kartöflugarður fyrir 1970. Þar hefur verið grafreitur áður, því að þar voru að finnast mannabein [fyrir 1970]. Bæjarlækurinn var þá norðan við heimveginn en fór suður fyrir veginn um ræsi. Eitthvert sinn er vöxtur (flóð) var í læknum braut hann úr bökkum sínum og komu þá einnig mannabein í ljós. Lækurinn var svo færður suður fyrir veginn.“ (bls. 13). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Suður og niður frá vesturenda fjóssins er kartöflugeymsla frá níundaáratungum, grafin inn í hólinn vestan frá. Sunnan og ofan við þetta jarðhús er flötur þar sem var kartöflugarður fram um 1970. [...] Í kartöflugarðinum fundust alltaf mannabein af og til þegar garðurinn var stunginn upp. Eitt sinn þegar menn grófu þar niður kartöflur til geymslu að vetrinum komu þeir niður á heila beinagrind. Einnig er í minnum haft að einhverju sinni meðan lækurinn rann enn í sínu gamla fari hljóp í hann vöxtur svo að hann reif úr bökkum sínum og bar þá fram mannabein. [...] Bæjarlækurinn rann áður rétt sunnan við torfbæinn og niður í Hvamminn svonefnda sem er framan í brekkunni norðan við heimveginn.“ (Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 371-372).

Heimildaskrá:

Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögu-félag Skagfirðinga, 2007.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Úlfssstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.



Teikning 1

*Mynd 2, óþekkt garðlag sunnan við fjósið á Úlfssstöðum.
Horft til norðvesturs. Ljósm. BZ.*

Úlfssstaðir 146351 - 208 - 7

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: 488290 552950

Ástand: Hleðslur sokknar og grónar

Hættumat: Nokkur hætta. Þarna eru minjar í hættu ef hreyft er við jarðvegi.

Staðhættir:

Á hlaðinu suðaustan við núverandi fjós og fjóshlöðu, um 55m frá íbúðarhúsinu, norðarlega inní „hringtorginu“ sem þar er.

Lýsing:

Hleðslur eru mjög sokknar en þó má sjá móta fyrir þeim að norðan, þar sem garðlag gengur frá suðaustri til norðvesturs en beygir þar mjúklega í vinkil nálega til suðurs. Hleðslan er mjög óljós, um 60sm breið og um 5-10sm há.

Aðrar upplýsingar:

Óvist er hvaða garðlag þetta er, en þó má vera að hér sé um leifar gamla torfbæjarins að ræða. Samkvæmt Hjalta Pálssyni á hann að hafa staðið á þessum stað (sbr. Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 371-372). Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Klöppin og bæjarhús 2004“ segir: „Neðsta hús norðan lækjar er jarðhús (kartöflugeymsla) og í Hvamminum framan (vestan) við það er lítill trjáreitur. Þar, skammt austan við jarðhúsið hefur líklega gamli bærinn staðið.“ (bls. 12). Miðað við túnakort virðast bæjarhúsin hins vegar hafa staðið nokkru norðvestar eða á svipuðum slóðum og núverandi fjós. Það er því ekki að fullu ljóst hvort hér sé um leifar gamla bæjarins að ræða, en einnig kemur til greina að forn kirkjugarður hafi teygjist inná þetta svæði.

Heimildaskrá:

Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson.
Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: Úlfssstaðir. Örnefnastofnun Íslands.



Mynd 3, garðlag (146351 - 208 - 32) sést til vinstri á myndinni undir girðingunni. Norðan hann má greina laegðir í túninu (146351 - 208 - 4) líklega leifar útihúsanna sem sýnd eru á túnakorti Úlfssstaða frá 1919. Bæjarlækurinn (146351 - 208 - 6) rann áður þarna norðan við Hvamminn. Horft til vesturs. Ljósm. BZ.

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Horfin bæjarhús og fleira“ segir: „Norðan við Hvamminn voru einhverjar tóftir, líklega leifar af fjósi eða fjárhúsi. Nú horfið.“ (bls. 13). Á túnakorti frá 1919 er sýnt útihús á þessum stað.

Heimildaskrá:

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Úlfssstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.
Túnakort. Úlfssstaðir (1919). Guðmundur Sveinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Úlfssstaðir 146351 - 208 - 5

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 488317 N 552903

Ástand: Horfið

Hættumat: Lítil hætta. Parna gætu minjar verið í hættu ef hreyft er við jarðvegi.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Horfin bæjarhús og fleira“ segir: „Pegar Helgi Friðriksson og Sigríður Viggósdóttir komu í Úlfssstaði 1972, var þar steinsteypt íbúðarhús,- kjallari, hæð og ris. Það var gallað og því var byggt nýtt hús, þ.e. núverandi íbúðarhús, sunnan við lækinn. Þar sem það stendur eða rétt austar voru áður gömul fjárhús.“ (bls. 13).

Lýsing:

Parna (A 488317 N 552903) er nú búið að sléttu úr öllu. Engar hleðslur sáust á vettvangi 2. ágúst 2007.

Aðrar upplýsingar:

Miðað við túnakort frá 1919 voru útihús rétt ofan við núverandi íbúðarhús.

Heimildaskrá:

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Úlfsstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.
Túnakort. Úlfsstaðir (1919). Guðmundur Sveinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Úlfsstaðir 146351 - 208 - 34

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 488395 N 552971

Ástand: Horfið

Hættumat: Lítill hætta. Þarna gætu minjar þó leynst undir yfirborði.

Staðhættir:

Á túnakorti frá 1919 eru sýnd útihús þar sem nú stendur steinsteypt hesthús norðaustan við íbúðarhúsið Úlfsstöðum.

Lýsing:

Þarna er nú steinsteypt hús og sér ekkert eftir af eldri byggingum á staðnum.

Heimildaskrá:

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Úlfsstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.
Túnakort. Úlfsstaðir (1919). Guðmundur Sveinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Úlfsstaðir 146351 - 208 - 6

Sérheiti: Bæjarlækurinn

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Lækur

Staðsetning: A 488312 N 552931

Hættumat. Engin hætta.



Mynd 4, bæjarlækurinn á Úlfsstöðum á upptök sín í tveimur lækjum ofar í hlíðinni Bollalæk og Hryggjarlæk, sem koma saman ofan Úlfsstaðaberg. Í dag rennur bæjarlækurinn í hlykkjum niður á milli hússanna sunnan við heimreiðina.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Gísla Magnússonar fyrir Úlfsstaði segir: „Bæjarlækur fellur niður rétt sunnan við bænn, en syðstur er Grófarlækur. Hann á upptök sín í svokallaðri Skál í háfjallinu, fellur síðan í gili, Úlfsstaðagili fram af Árgilshjalla og Friðarhlíð í allháum fossi, myndar

síðan stóra skriðu, Úlfsstaðaskriðu fellur svo í farvegi sunnan við Fjallhúsin og fram af Brekkunum í allháum fossi, Stekkjarfossi og niður í gegnum túnin sunnan við bæinn. Heitir þar Úlfsstaðagróf.“ (RI, bls. 9).

Lýsing:

Lækurinn kemur niður ofan við Klöppina/Úlfsstaðaberg (A 488410 N 553024) og rennur í bugðum og beygjum niður fyrir hesthúsin og þar í gegnum ræsi (A 488318 N 552936) undir vegslóða sem liggar suður á túnið ofan við íbúðarhúsið. Lækurinn rennur svo meðfram afleggjaranum að sunnan, undir bílastæðið við íbúðarhúsið og áfram niður með afleggjaranum (A 488240 N 552879). Hugsanlega hefur hann áður legið norðan við hólinn þar sem nú er búið að koma fyrir kartöflugeymslu og niður í Hvamminn, norðvestan við íbúðarhúsið, en meðfram hólnum að norðvestan er virðist vera gamall farvegur.

Aðrar upplýsingar:

Í Jarðabók frá árinu 1918 segir: „Bithagi er mjög lítt til fjalls, þar skriða úr bæjarlæk hefur tekið talsvert graslendi af [...].“ Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Litast um á vettvangi“ segir: „Þess er getið til að Árgilshjallinn uppi í fjallshlíðinni, dragi nafn af djúpu klettagili, sem Úlfsstaðalækurinn hefur grafið niður í gegnum hjallann, og jafnvel einnig, að lækurinn hafi heitið Úlfsstaðaá fyrrum. Hann er vatnsmikill og á upptök uppi á fjalli. Hafa stundum komið hlaup í lækinn.“ (bls. 12-13) Þá segir í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Frá heimildarmönnum“: „[...] Grænulækur annað nafn á honum er Bollalækur [...] Bæjarlækurinn á Úlfsstöðum verður til úr tveim lækjum, áðurnefndum Bollalæk og næsta læk þar sunnan við, sem nefndur er Hryggjarlækur Hann kemur niður norðan við há-Hrygginn sem svo er nefndur. Hryggjarlækur kemur niður um gilklauf og ofan við næsta stall er nokkurra metra hár foss í læknum. [...] Par sem Grófarái kemur fram af Árgilshjalla er foss, sem nágrannar nefna Úlfsstaðafoss Annar foss í sama vatnsfalli (læk) og öllu meiri, er utan og ofan við sumarbústaðinn Klettakot. Grófarái, sem að jafnaði er bara lækur, á það til að verða vatnsmikil og ærslafull og ryðst þá stundum út í Bæjarlækinn á Úlfsstöðum og hefur þá stundum gert talsverðan ursla heima á staðnum. Petta kemur fyrir öðru hvoru en ekki árlega. Ástæðan fyrir verstu hamförum af þessu tagi, er sú að uppi á háfjallinu, Sólheimafjalli er dæld eða drag sem stundum safnast í vatn í leysingum, þegar skafl hefur lokað fyrir við vesturbrúnina. Síðan fer vatnið að renna yfir skaflinn og grefur sér farveg niður svo að vatnið í skálinni nær að brjótast fram úr og valda fyrrgreindum hamförum. Hafa menn gengið á fjallið þegar þannig stóð á og var þá alldjúp svo mjó rás gegnum skaflinn, að hægt var að stíga eða stökkva yfir hana.“ (bls. 11-12). Annars staðar örnefnaskrá sinni segir Rósmundur undir kaflaheitinu „Horfin bæjarhús og fleira“: „Framan (vestan) við áðurnefnt jarðhús, norðan við lækinn, heitir Hvammur og er þar þrep í landslaginu. Í honum er skógarblettur rétt norðan við heimveginn og austan við trjálundinn uppi á brúninni var Kartöflugarður fyrir 1970. Þar hefur verið grafreitur áður, því að þar voru að finnast mannabein. Bæjarlækurinn var þá


norðan við heimveginn en fór suður fyrir veginn um ræsi. Eitthvert sinn er vöxtur (flóð) var í læknum braut hann úr bökkum sínum og komu þá einnig mannabein í ljós. Lækurinn var svo færður suður fyrir veginn.“ (bls. 13). Núverandi vatnsból er við upptök Grænulækjar/Bollalækjar. (A 489087 N 553281) Enn segir í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Frá heimildarmönnum“: „[...] Grænulækur annað nafn á honum er Bollalækur [...] Bæjarlækurinn á Úlfss töðum verður til úr tveim lækjum, áðurnefndum Bollalæk og næsta læk þar sunnan við, sem nefndur er Hryggjarlækur. Hann kemur niður norðan við há- Hrygginn, sem svo er nefndur. Hryggjarlækur kemur niður um gilklauf og ofan við næsta stall er nokkurra metra hár foss í læknum.“ (bls. 12).

Heimildaskrá:

Jarðabók frá 1918

Gísli Magnússon. Örnefnaskrá: *Úlfssstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Úlfssstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.



Mynd 5, horft til suðurs yfir tóft (146351 - 208 - 8) sunnarlega á Úlfssstaðabergi / Klöppinni. Ljósm. BZ.

Teikning 2

Úlfssstaðir 146351 - 208 - 8

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 488380 N 553042

Ástand: Hleðslur fallnar, grónar.

Hættumat: Nokkur hætta. Minjarnar eru í hættu af ágangi búfjár.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Klöppin og bæjarhús 2004“ segir: „Klöppin er norðan lækjarins og skammt utan og ofan við Reykkofann. Hún mjókkar til suðurs og endar við lækinn og þar fast ofan við koma saman tveir lækir.

Klettar eru í austurjaðri Klapparinnar og ytri lækurinn kemur þar suður með henni. Klöppin er sorfin og slétt ofan og þakin gróðurtorfu yfir meira en helming flatarins. Hún er mjög flót ofan og ekki há, ca. 40 - 50 m. á breidd og ca. 110 m. löng (stigið). Sunnarlega á Klöppinni er lítil tóftarleif eða smáreitur ca. 4 x 5 m. að stærð.“ (bls. 12).

Lýsing:

Tóft syðst á Klöppinni ofan við bæinn vel gróin 5x5,5 að utanmáli, liggur norðvesturuðaustur, með dyr til suðausturs fyrir miðjum vegg. Breidd veggja er mest um 1m og hæð 30sm. Garðbrot eru suðaustan og norðvestan við tóftina sem liggja suðaustur-norðvestur og smá stubbur er nyrst á Klöppinni sem liggur þvert miðað við þá fyrri, norðaustur-suðvestur og lítur út fyrir að túngarðurinn hafi legið eftir Klöppinni sunnanverðri frá suðaustri til norðvesturs en þá beygt nokkuð krappt nyrst á henni til norðausturs. Um 4,5m norðan við tóftina er önnur stór tóft (146351 - 208 - 11), 16x7m sem lendir fyrir utan túngarðinn og önnur lítil (146351 - 208 - 10) um 45m norðvestan við sem er innan við garðinn að því er virðist.

Heimildaskrá:

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Úlfssstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.



Mynd 6, horft til suðurs yfir leifar túngarðs (146351 - 208 - 9) á Úlfssstaðabergi/Klöppinni. Brot garðsins sjást ofarlega til vinstri á myndinni eins og röð þúfna. Tóft (146351 - 208 - 8) á kafí í grasi fyrir miðri mynd. Ljósm. BZ.

Úlfsstaðir 146351 - 208 - 9

Hlutverk: Óþekkt/Túngarður

Tegund: Garðlög

Staðsetning: A 488365 N 553069

Ástand: Hleðslur fallnar, grónar.

Hættumat: Nokkur hætta. Minjarnar eru í hættu af ágangi búfjár.

Staðhættir:


Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Klöppin og bæjarhús 2004“ segir: „Klöppin er norðan lækjarins og skammt utan og ofan við Reykkofann. Hún mjókkar til suðurs og endar við lækinn og þar fast ofan við koma saman tveir lækir. Klettar eru í austurjaðri Klapparinnar og ytri lækurinn kemur þar suður með henni. Klöppin er sorfin og slétt ofan og þakin gróðurtorfu yfir meira en helming flatarins. Hún er mjög flöt ofan og ekki há, ca. 40 - 50 m. á breidd og ca. 110 m. löng (stigið).“ (bls. 12).

Lýsing:

Garðlög eru eftir Úlfsstaðabergi eða Klöppinni sunnan- og vestanverðri frá suðaustri til norðvesturs en virðist þá hafa beygt nokkuð krappt nyrst á henni til norðausturs. Tóft syðst á Klöppinni ofan við bæinn vel gróin 5x5,5 að utanmáli, liggur norðvesturuðaustur, með dyr til suðausturs. Garðbrot eru suðaustan [A 488387 N 553037 og A 488387 N 553027] og norðvestan [A 488365 N 553069] við tóftina sem liggja suðaustur-norðvestur og smá stubbur [A 488372 N 553110] er nyrst á Klöppinni sem liggur þvert miðað við þá fyrri, norðaustur-suðvestur og

Heimildaskrá:

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Úlfsstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.



Mynd 7, tóft (146351 - 208 - 10) norðvestarlega á Úlfssstaðabergi/Klöppinni. Bryndís Zoëga situr á suðurvegg tóftarinnar við skráningu. Horft til vesturs, fjósið og hlaðan á Úlfsstöðum ofarlega til vinstri á myndinni. Ljósm. GSS.

Teikning 3

Úlfssstaðir 146351 - 208 - 10

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 488353 N 553087

Ástand: Hleðslur fallnar, grónar.

Hættumat: Nokkur hætta. Minjarnar eru í hættu af ágangi búfjára.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Klöppin og bæjarhús 2004“ segir: „Klöppin er norðan lækjarins og skammt utan og ofan við Reykkofann. Hún mjókkar til suðurs og endar við lækinn og þar fast ofan við koma saman tveir lækir. Klettar eru í austurjaðri Klapparinnar og ytri lækurinn kemur þar suður með henni. Klöppin er sorfin og slétt ofan og þakin gróðurtorfu yfir meira en helming flatarins. Hún er mjög flót ofan og ekki há, ca. 40 - 50 m. á breidd og ca. 110 m. löng (stigið).“ (bls. 12).

Lýsing:

Norðarlega á vestan-verðu Úlfssstaðabergi eða Klöppinni er lítil tóft, við klapparendann. Tóftin er óljós og gamalleg, hún er vaxin grasi og mosa, hlaupin í þúfur og víða rofin. Tóftin er 5x5,5m að utanmáli og liggur norður-suður, en austurvegg vantar alveg, þar gætu dyrnar hafa verið. Breidd veggja er um 60-70sm og hæðin 30-40sm. Götur liggja í gegnum tóftina.


Heimildaskrá:

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Úlfssstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.



Loftmynd 2, heimatún Úlfssstaða og nánasta umhverfi. Klöppin eða Úlfssstaðaberg er ofan við bæjar – og úthúsin efst til hægri á myndinni. Ofarlega til vinstri á myndinni eru minjar frá ýmsum tímum á Kárakinn, fornri hjáleigu Úlfssstaða.

Minjar utan túns



Teikning 4



Mynd 8, tóft (146351 - 208 - 11) á Úlfsstaðabergi/
Klöppinni. Gamalleg og eydd tóft 7x16m að ummáli.

Úlfsstaðir 146351 - 208 - 11

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 488383 N 553056

Ástand: Hleðslur fallnar, grónar.

Hættumat: Nokkur hætta. Minjarnar eru í hættu af ágangi búfjár.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Klöppin og bæjarhús 2004“ segir: „Klöppin er norðan lækjarins og skammt utan og ofan við Reykkofann. Hún mjókkar til suðurs og endar við lækinn og þar fast ofan við koma saman tveir lækir. Klettar eru í austurjaðri Klapparinnar og ytri lækurinn kemur þar suður með henni. Klöppin er sorfin og slétt ofan og þakin gróðurtorfu yfir meira en helming flatarins. Hún er mjög flót ofan og ekki há, ca. 40 - 50 m. á breidd og ca. 110 m. löng (stigið). “ (bls. 12).

Lýsing:

Stór tóft sunnan við miðja Úlfsstaðaberg, tóftin er 16x7m að utanmáli og liggur nálega norðvestur-suðaustur. Nokkuð stórt rof er á sunnarlega á suðvesturvegg, en þar hafa dyrnar að líkindum verið, að öðru leyti er tóftin öll gróin og gamalleg. Veggir eru mest um 2m breiðir og um 20-30sm háir, greinilegastir til norðurs en mjög eyddir á köflum til suðurs. Þessi tóft virðist eldri en tóftin sem er sunnan (146351 - 208 - 8) við hana og sömuleiðis túngarðurinn (146351 - 208 - 9), litla tóftin nyrst á Klöppinni (146351 - 208 - 10) gæti hins vegar verið frá svipuðum tíma.

Heimildaskrá:

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Úlfsstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.

Úlfssstaðir 146351 - 208 - 33

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 488363 N 552944

Ástand: Horfið

Hættumat: Lítill hætta. Þarna gætu minjar þó leynst undir yfirborði.

Staðhættir: Á túnakorti frá 1919 eru sýnd útihús þar sem nú stendur steinsteypt hús norðaustast af núverandi útihúsum á Úlfssstöðum. Miðað við túnakortið hefur húsið staðið ofan við túngarðinn.

Lýsing:

Þarna er nú steinsteypt hús og sér ekkert eftir af eldri byggingum á staðnum.

Heimildaskrá:

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Úlfssstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.

Túnakort. Úlfssstaðir (1919). Guðmundur Sveinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Úlfssstaðir 146351 - 208 - 12

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 488261 N 553137

Ástand: Hleðslur soknar, grónar


Hættumat: Lítill hætta. Minjarnar eru helst í hætta vegna ágangi búfjár.

Staðhættir:

Um 240m beint norður af núverandi íbúðarhúsi á Úlfssstöðum, um 80m norðvestur af Úlfssstaðabergi/klöpp og 75m norðaustur af fjárhúsunum (146351 - 208 - 17).

Lýsing:

Garðurinn er rekjanlegur á um 50m kafla frá austri til vesturs með sveig til suðurs. Garðurinn er mest um 2m breiður og 50sm hárr. Mjög þýft er umhverfis garðinn og hann að hluta til rofinn og því torgreinilegur.



Teikning 5

Úlfsstaðir 146351 - 208 - 13

Sérheiti: Kárakinn

Hlutverk: Bær

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 488365 N 553069

Hættumat: Lítill hætta. Minjarnar eru helst í hættu af ágangi búfjárs.

Staðhættir:

Í Örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Úlfsstaði segir: „Út og niður undan bænum á Úlfsstöðum er túnblettur fráskilinn aðaltúninu (mýrarsund á milli). Þar var áður bær, sem nefndur var Kárakinn“ (RI, bls. 8).

Í Örnefnaskrá Gísla Magnússonar fyrir Úlfsstaði segir:


„Út og niður undan Úlfsstaðabænum var áður bær, er hét Kárakinn, og var túnblettur í kring. Suður af Kárakinn voru tveir hólar, alllangir frá norðri til suðurs, kallaðir Efri- og Neðri-Hóll.“ (RI, bls. 10).

Lýsing:

Líklegasta bæjarstæði hjáleigunnar er þar sem síðast hefur verið fjárhús (146351 - 208 - 17). Þar eru enn glöggar tóftir fjárhúss með einhölukró og hlöðu eða heytóft. Tóftin liggar norðaustur-suðvestur, stendur á svolítili upphækku og er um 15x17m að utanmáli í heild. Líklega eru leifar bæjarins undir þessari tóft. Um 3m suðaustur af horni fjárhússins er önnur lítil og ögn niðurgrafin tóft, næsta kringlótt að utan 5x5,5m, með dyr til suðvesturs. Tóftin er algróin, um 30sm djúp og veggir um 45sm breiðir, innanmálið 2x2m. Um 5m sunnan við þessa tóft er gamall upphórnarður lækjarfarvegur. Norðan við fjárhúsin, um 22m frá á grónum mel er önnur kofatóft, 4x4m að utanmáli með dyr í sömu átt. Þessi tóft er ekki niðurgrafin eins og hin. Veggir mest 70sm breiðir og 15-20sm háir. Þessar tvær tóftir gætu mjög vel hafa tilheyrt eldri bæjarhúsum á staðnum og bæjarlækurinn runnið suðvestan við bæinn.

Aðrar upplýsingar:

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1713 segir: „Kárakinn, öðru nafni kallað Rétt ; önnur hjáleiga í auðn næstu 30 ár. Landskulð 30 álnir að menn meina í landaurum til heimabóna. Kúgildi 0. Fóðrast kynni $\frac{1}{2}$ kýr, 10 lömb og ekki meira, því ábúandi hafði ekki aðra grasnyt en ábúandi aflagði, og má hér ei aftur byggja án skaða heimajarðarinnar.“ (bls. 168). Þá kemur fram að Úlfsstaðir í Blönduhlíð, með hjáleigunni Úlfsstaðakoti og eyðihjáleigunni Kárakinn, voru taldir að dýrleika 60 hundruð. Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Norður frá bænum á Úlfsstöðum gengur niður forn



Teikning 6

hólaframhlaup talsvert vestur og niður fyrir bæinn og sem hátt leiti í landinu. Neðst á þessum hólenda og uppi eftir honum var býlið Kárakinn. Flest er hér óljóst nema hluti af fornum og gildum túngarði sem krókar sig af hólendanum niður í þýfið fyrir neðan. Ekki verður hann rakinn með neinni vissu eftir að upp á hólinn kemur en fremst á hólbrúninni virðast vera bæjartóftir ($65^{\circ}28'540/19^{\circ}15'394$). Um 20 m ofar er greinileg undirstaða byggingar sem tengst hefur býlinu Kárakinn. Talsvert ofar eru seinni tíma tóftir, 20. aldar fjárhús með hesthúskró norðan við ($65^{\circ}28'562/19^{\circ}15'313$). Hesthúsið stóð framyfir 1960. Um 15-20 m út og upp frá þeim eru aurmál lítillar byggingar ($65^{\circ}28'580/19^{\circ}15'313$). Þess má sjá glögg merki að læk hafi verið veitt niður eftir hólnum og útaf honum norðan við bæjartóftirnar þar sem er mjög greinilegt lækjargil. Væntanlega hefur þetta verið Bollalækurinn, leiddur niður norðan við Úlfsstaðaklöppina. / Um 50 m neðar, framan í hólnum, er grafningur í brekkuna sem er ekki forn ($65^{\circ}28'520/19^{\circ}15'418$). Þar gerði Karl Bergmann sér lítinn kofa eftir 1960. Mögulega eru minjar um fleiri mannvirki skammt fyrir sunnan og neðan frá búsetutíma Kárakinnar en óljóst er það.“ (Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 374).

Heimildaskrá:

Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson.

Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.


Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. IX bindi, Skagafjarðarsýsla.

Kaupmannahöfn: S.L. Möller. 1930.

Gísli Magnússon. Örnefnaskrá: *Kúskeppi*. Örnefnastofnun Íslands.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá: *Úlfsstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Úlfsstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.



Úlfsstaðir 146351 - 208 - 14

Sérheiti: Kárakinn

Hlutverk: Óþekkt/Hesthús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 488176 N 553127

Ástand: Hleðslur sorfnar

Hættumat: Lítill hætta. Minjarnar eru helst í hættu af ágangi búfjára.

Staðhættir:

Í Örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Út og niður undan bænum á Úlfsstöðum er túnblettur fráskilinn aðaltúninu (mýrarsund á milli). Þar var áður bær, sem nefndur var Kárakinn“ (RI, bls. 8). Í Örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Út hjá Kárakinn, norðan við túnið þar, var hús, líklega hesthús. Kárakinn var norðasti hluti túnsins.“

Lýsing:

Miðað við lýsingu Rósmundar er hér átt við kofatóft norðan við fjárhúsin Berghús (146351 - 208 - 17) á Kárakinn. En um 22m frá fjárhústóftinni á grónum mel er kofatóft, 4x4m að utanmáli með dyr í suðvestur. Veggir mest 70sm breiðir og 15-20sm háir. Þessi tóft virðist þó eldri en tóftir fjárhússins, þótt erfitt sé að fullyrða um aldur tófta út frá útliti þeirra einu saman. Mögulega er þessi tóft hluti af minjaheild tengdri hjáleigunni Kárakinn, en áðurnefnd fjárhústóft stendur að líkindum á rústum hennar. Þá er önnur lítil tóft (146351 - 208 - 15) um 3m sunnan við fjárhúsin, sem einnig virðist eldri, niðurgrafin, með dyr í sömu átt.

Heimildaskrá:

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. IX bindi, Skagafjarðarsýsla.

Kaupmannahöfn: S.L. Möller. 1930.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá: *Úlfssstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Úlfssstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.



Mynd 9, horft til vesturs eftir óþekktu garðlagi (146351 - 208 - 12). Fær sjást rústir fjárhúsanna (146351 - 208 - 17), ljósgrænn hóll sem ber við skurðendann u.p.b. fyrir miðri mynd. Ljósm. BZ.

Úlfsstaðir 146351 - 208 - 15

Sérheiti: Kárakinn

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 488188 N 553089

Ástand: Hleðslur sorfnar

Hættumat: Lítil hætta. Minjarnar eru helst í hættu af ágangi búfjára.

Staðhættir:

Í Örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Út og niður undan bænum á Úlfsstöðum er túnblettur fráskilinn aðaltúninu (mýrarsund á milli). Þar var áður bær, sem nefndur var Kárakinn.“ (RI, bls. 8).

Lýsing:

Á þessum slóðum eru tóftir fjárhúss kallað Berghús (146351 - 208 - 17). Um 3m sunnan við fjárhúsin niðurgrafin lítil tóft. Tóftin er næsta kringlótt að utan 5x5,5m, með dyr til suðvesturs. Tóftin er algróin, um 30sm djúp og veggir um 45sm breiðir, innanmálið 2x2m. Um 5m sunnan við þessa tóft er gamall uppþornaður lækjarfarvegur. Þessi tóft virðist eldri en fjárhúsin en hugsanlega nær í tíma litlu tóftinni norðan við þau (146351 - 208 - 14).

Heimildaskrá:

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá: *Úlfsstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.

Úlfsstaðir 146351 - 208 - 16

Sérheiti: Kárakinn/Rétt

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í Örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Úlfsstaði segir: „Út og niður undan bænum á Úlfsstöðum er túnblettur fráskilinn aðaltúninu (mýrarsund á milli). Þar var áður bær, sem nefndur var Kárakinn.“ (RI, bls. 8).

Lýsing:

Engin merki um rétt fundust á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:


Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1713 segir: „Kárakinn, öðru nafni kallað Rétt.“ (bls. 168). Örnefnið bendir til að á þeim tíma hafi verið rétt á staðnum.

Heimildaskrá:

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. IX bindi, Skagafjarðarsýsla.
Kaupmannahöfn: S.L. Möller. 1930.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá: *Úlfsstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Úlfsstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.



Teikning 8

Úlfssstaðir 146351 - 208 - 17

Sérheiti: Berghús (á Kárakinn)

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 488177 N 553095

Ástand: Hleðslur fallnar, grónar.

Hættumat: Lítil hætta. Minjarnar eru helst í hættu af ágangi búfjár.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Gísla Magnússonar fyrir Úlfssstaði segir: „Beint upp undan bænum, efst í túninu, er svokölluð Klöpp [...] Rétt utan og neðan við Klöppina voru gömul fjárhús, kölluð

Berghús Var túnkragi umhverfis og kallaður Berghúsatún“ (RI, bls. 9). Þetta er ekki mjög nákvæm staðarlýsing en einu tóftirnar sem virðast koma til greina eru fjárhústóftirnar á Kárakinn, sem þó eru um 150 m utan og neðan við Klöppina.

Lýsing:

Fjárhús með einhölukró og hlöðu eða heytóft. Tóftin liggur norðaustur-suðvestur, stendur á svoltílli upphækkun og er um 15x17m að utanmáli í heild. Hlaðan/heytóftin er við enda fjárhúsanna að norðaustan en einhölukróin meðfram hliðinni að norðvestan. Tvær dyr virðast hafa verið að suðvestan inní fjárhúsin ein í hvora kró. Krærnar eru um 5,5m langar og 1,5m breiðar. Garðinn er jafn langur, 1m breiður og um 30sm háir. Hlaðan/heytóftin er fremur óljós að innan um 3x6m, útveggir mun greinilegri. Einhölukróin samnýtir norðvesturvegg fjárhúsanna og er um 2x8m að innanmáli, hugsanlega hefur verið tréstafn fyrir krónni. Veggir tóftarinnar eru allt að 2m breiðir og mest 50sm háir. Tóftin er öll vel gróin en þó sér í stöku grjóthleðslur, einkum í garðanum, þar eru einnig viðarleifar á tveimur stöðum. Um 3m suðaustur af horni þessarar tóftar er önnur lítil og ögn niðurgrafin tóft, næsta kringlótt að utan 5x5,5m, með dyr til suðvesturs. Tóftin er algróin, um 30sm djúp og veggir um 45sm breiðir, innanmálið 2x2m. Um 5m sunnan við þessa tóft er gamall uppþornaður lækjarfarvegur. Norðan við fjárhúsin, um 22m frá á grónum mel er önnur kofatóft, 4x4m að utanmáli með dyr í sömu átt. Pessi tóft er ekki niðurgrafin eins og hin. Veggir mest 70sm breiðir og 15-20sm háir.


Aðrar upplýsingar:

Mjög líklega eru þessi hús byggð á rústum gamallar hjáleigu frá Úlfssstöðum sem kölluð var Kárakinn. Þá er ekki ólíklegt að litlu tóftirnar tvær norðan og sunnan við tilheyri þeirri tóftaheild, þótt ekki verði það fullyrt.

Heimildaskrá:

Gísli Magnússon. Örnefnaskrá: *Úlfssstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Úlfssstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.



Mynd 10, horft til suðausturs yfir óþekktar tóftir (146351 - 208 - 18) á Kárakinn. Bæjarhús Úlfssstaða í baksýn. Ljósm. GSS.

Teikning 9

Úlfssstaðir 146351 - 208 - 18

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 488112 N 553052

Ástand: Hleðslur fallnar að mestu og grónar

Hættumat: Lítil hætta. Minjarnar eru helst í hættu af ágangi búfjára.

Staðhættir:

Efst á löngum hól neðan (suðvestan) við fjárhústóftir (146351 - 208 - 17). Um 250m norðvestur af núverandi íbúðarhúsi.

Lýsing:

Tóftin er framarlega á hólnum, niðurgrafin um 50-60sm djúp, 10x6m að utanmáli og liggur norðvestur-suðaustur. Breidd veggja er mest 130sm. Tóftin er algróin, en þó sér í grjót á stöku stað, hluti suðvestur veggsins er horfinn en þar dyrnar hafa verið. Þurr lækjarfarvegur liggur eins og áður segir suðaustan við fjárhúsini og litlu niðurgröfnu tóftina sunnan þeirra, hann sveigir til norðvesturs ofan við þessa tóft og rennur niður norðan og vestan við hólinn. Neðan við tóftina, í línu við suðausturvegg hennar liggur breiður og mikill garður í svigum niður hólinn.



Mynd 11, horft til vesturs eftir óþekktu garðlagi (146351 - 208 - 19) á Kárakinn. Ljósm. GSS.

Úlfsstaðir 146351 - 208 - 19

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 488089 A 553039

Ástand: Hleðslur fallnar að mestu og grónar

Hættumat: Nokkur hætta. Neðsti hluti garðsins hefur verið sléttaður undir girðingu.

Staðhættir:

Suðvestan á löngum hól neðan (suðvestan) við fjárhústóftir (146351 - 208 - 17). Um 250m norðvestur af núverandi íbúðarhúsi.

Lýsing:

Neðan við tóftina efst á hólnum (146351 - 208 - 18), í línu við suðausturvegg hennar liggur breiður og mikill garður í svigum niður hólinn. Fyrst í svoltlum boga til suðvesturs og vesturs en svo aftur til suðvesturs og stefnir þá heldur meira til suðurs en áður. Garðurinn er um 2m breiður, lægstur efst um 40sm en hækkar þegar neðar dregur í allt að 70sm. Garðurinn er rofinn neðst þar sem girðing liggur þvert yfir hann. Hann heldur svo áfram aðeins niður á túnið og hverfur þar. Grjót er sýnilegt í garðinum neðst þar sem hann er rofinn, annars virðist hann að miklu leyti hlaðinn úr torfi.

Úlfsstaðir 146351 - 208 - 20

Sérheiti: Trafali

Hlutverk: Óþekkt/„Þrælsgerði“

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið (af yfirborði)

Staðhættir:

Í Örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Úlfsstaði segir: „Beint suður undan bænum og þar upp og niður er gríðarstór sléttu, sem er nýlega gerð. Þar var áður þýfður mór og nefndur Trafali.“ (RI, bls. 9). Í Örnefnaskrá Gísla Magnússonar fyrir Úlfsstaði segir: „Suður undan bænum var stórbýfður mór, sem búið er að sléttu fyrir löngu. Hét Trafali.“ (RI, bls. 10).

Lýsing:

Parna eru í dag sléttuð tún.

Aðrar upplýsingar:

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1713 segir: „Trafali heitir hér mór í landinu, sést þar til girðinga, so sem verið muni hafa þrælsgerði. Ekki vita menn hér hafi önnur bygð verið.“ (bls. 168). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Karl Bergmann, f. 1952, ólst upp á Úlfsstöðum og man eftir Trafala, geypilegu stórbýfi í hallandi landi suður og austur frá fjárhúsunum. Þetta var stórt svæði, svo að skipti hekturum. Nafnið gefur til kynna sérlega ógreiðfært land og erfitt til heyskapar, enda var víða blautt. Ábúandi byrjaði að sléttu þarna upp úr miðjum sjötta áratugnum og var að smáauka við þá ræktun uppeftir. / Nánari vitneskja er ekki fyrir hendi hvar tóftir og garðleifar hafa verið í Trafalanum og verður ekki úr því bætt héðan af en Karl Bergmann telur sennilegast að býlið hafi verið nær brekkunum og þá suður undir Grófarlæknum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 375)

Heimildaskrá:

Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson.

Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. IX bindi, Skagafjarðarsýsla.

Kaupmannahöfn: S.L. Möller. 1930.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá: Úlfsstaðir. Örnefnastofnun Íslands.

Gísli Magnússon. Örnefnaskrá: Úlfsstaðir. Örnefnastofnun Íslands.

Úlfstaðir 146351 - 208 - 21

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 488794 N 552847

Ástand: Hleðslur ógreinilegar

Hættumat: Nokkur hætta. Minjarnar upp við vegslóða, þær sjást illa og því hugsanlega í hættu vegna vélumferðar.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Gísla Magnússonar fyrir Úlfstaði segir: „Sem áður segir heitir Stekkjarfoss þar, sem Grófarlækur fellur fram af Brekkunum Var Stekkurinn rétt utan við fossinn.“ (RI, bls. 9).

Lýsing:

Neðan við veginn upp að Fjallhúsum syðst á grasigrónum bala, norðan við Grófarlæk, er líklegast að stekkurinn hafi staðið miðað við lýsingar. Þó er erfitt að fullyrða það útfrá því sem þar sást á vettvangi, en svæðið er mjög þýft og mikill gróður var á svæðinu 2. ágúst 2007. Hugsanlega eru þarna leifar austurveggs stekkjarins, annað er of hlaupið í þúfur til að hægt sé að lýsa því eða mæla.


Heimildaskrá:

Gísli Magnússon. Örnefnaskrá: *Úlfstaðir.*

Örnefnastofnun Íslands.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá:

Úlfstaðir. Örnefnastofnun Íslands.



Úlfstaðir 146351 - 208 - 25

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðsetning: A 488848 N 552761

Ástand: Hleðslur fallnar

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir:

Sunnan við grófarlæk, um 100m suður og lítið eitt austur af meintum stekk (146351 - 208 - 21). Hleðslurnar eru efst á stakri klöpp, en grasbali fyrir ofan og græn drög sitthvoru megin klapparinnar.

Lýsing:

Hleðslan er 1,3x1,3m, að mestu hrúnin og nokkuð gróin.

Mynd 12, (til hægri) horft til suðurs yfir óþekkta vörðu (146351 - 208 - 25) sunnan við Grófarlæk (neðst á myndinni) og hleðslur smalabyrgis í fjarska (við stóra steininn vinstra megin efst á myndinni). Ljósm. BZ.



Mynd 13, fallnar hleðslur (146351 - 208 - 31) sjást hér norðan við stóran stein. Líklega leifar einhverskonar skýlis eða smalabyrgis. Ljósm. BZ.

Úlfstaðir 146351 - 208 - 31

Hlutverk: Óþekkt/smalabyrgi

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A 488873 N 552698

Ástand: Hleðslur fallnar

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir:

Sunnan við grófarlæk og um 70m sunnan vörðu (146351 - 208 - 25). Grasbali er ofan (austan) við klöppina og gróið drag að norðan, milli þessarar klappar og þeirrar sem áðurnefnd varða stendur á.

Lýsing:


Hleðslan er ferköntuð um 1,20x2m að utanmáli og liggur nálega norður-suður. Suðausturhornið er myndað af stórum Stein en annars eru veggir nær algjörlega hrundir.



Loftmynd 3, Minjar við Grófarlæk/Grófará.



Mynd 14, horft til vesturs yfir Fjallhús og Fjallhúsatún neðan við Úlfsstaðaskriðu norðan Grófarlækjar. Úlfsstaðir fær til hægri á myndinni. Túngarðurinn (146351 - 208 - 23) sést glögglega vinstramegin við miðja mynd, þar sem hann liggur eftir bakka lækjarins, beygir svo þvert til norðvesturs og aftur til baka niður að beitarhúsatóftunum (146351 - 208 - 22). Tóftirnar sjást ekki á þessari mynd en þær eru á smá hól á kafi í punti suðvestast í Fjallhúsatúni.



Teikning 10, „Fjallhús“.

Úlfsstaðir 146351 - 208 - 22

Sérheiti: Fjallhús

Hlutverk: Beitarhús/Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 488946 N 552932

Ástand: Hleðslur að mestu fallnar og grónar

Hættumat: Lítil hætta. Minjarnar eru helst í hættu vegna ágangs búfjár.

Staðhættir:

Í Örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Suður og upp undan bænum Úlfsstöðum, á næsta brekku eða hjallabréður, eru rústir af húsum. Voru það beitarhús frá Úlfsstöðum og nefnd Fjallhús“ (RI, bls. 9). Í Örnefnaskrá Gísla Magnússonar segir: „Ofan við Brekkurnar eru Fjallhúsin

áðurnefnd. Í kringum þau og þó aðallega ofan við er gamalt túnstæði og hlaðinn garður í kring, Fjallhúsatún.“ (RI, bls. 9). Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Frá heimildarmönnum“ segir: „Fjallhús í landi Úlfssstaða eru suður undan Sunnuhvoli, þó heldur ofar. (B.F.)“

Lýsing:

Tóftin sem er um 15x15m að utanmáli snýr norðaustur-suðvestur og stendur á flatri klöpp, um 10m frá brún hennar. Um er að ræða tvö samstæð garðahús. Ein dyr er á hvoru húsi til suðvesturs. Norðara húsið er með dyr inn í nyrðri krónna út við vegginn að því er virðist. Þá lítur út fyrir að hægt sé að ganga fyrir báða enda garðans, en mögulega er þó um hrun að ræða. Dyr á syðrihúsinu eru á miðju húsinu fyrir enda garðans, sem nær inn að gafli. Garðarnir eru báðir um 10m langir, 1m breiðir og 30sm háir. Breidd veggja er mest 120sm og hæð 40sm. Tóftin er grjóthlaðin en mjög vel gróin.

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Leifar Fjallhúsa“ segir: „Leifar Fjallhúsa eru suður og upp frá Úlfssstaðabænum, uppi á stalli. Berar klappir eru framan við húsin, stór steinn sex metrum sunnan við og Grófarlækurinnaðeins sunnar. Graslendi mikið, að mestum hluta valllendi, er í kring. Þetta eru fjárhúsaleifar með miklu grjóti, tvö garðahús, dyr að vestan, garðalengd 10 m. og þeir ná ekki fram úr. Heildarstærð ca. 13 x 15 metrar. Heytóft á bak við er ógreinileg, ef nokkur. Garðlög austan við sjást allvel, liggur garður til austurs og norðausturs ca. 100 - 110 metra og þaðan vottar fyrir garði til suðurs ca. 50 metra og er þá komið næstum að læknum. Garðurinn liggur svo niður með læknum að norðan og einnig er garður suður frá fjárhúsaleifunum. Skriður (grjót) með læknum ná niður að þessum áður girta reit, sem að mestu er valllendi. Segja má að hér sé allt á kafi í grasi, 10. nóv. 2004. Slóð eftir traktor fer þarna um og lengra uppeftir. Drjúgan spöl ofar og aðeins norðar eru margar vatnuppsprettur með örstuttu millibili. Og aðeins ofar og sunnan við lækinn er fremur lágur klettarindi og nær norðurendi hans að læknum. Fjallhúsin munu hafa verið í notkun fram undir 1888, eða jafnvel fram á það ár.“ (bls. 13-14). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fjallhúsin [...] voru beitarhús ofan við Brekkurnar, uppi á svokölluðum Efri-Húsahjalla, rétt utan við Grófarlækinn. Hafa verið tvöföld hús yfir 100 kindur. Hætt var að nota þau um 1888 en veggjum var lengi við haldið og kraernar notaðar til að reka þar inn fé á vorin og til rúnings geldfjár. [...]“ (Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 372)

Heimildaskrá:

Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson.

Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. IX bindi, Skagafjarðarsýsla.

Kaupmannahöfn: S.L. Möller. 1930.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá: Úlfssstaðir. Örnefnastofnun Íslands.

Gísli Magnússon. Örnefnaskrá: Úlfssstaðir. Örnefnastofnun Íslands.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: Úlfssstaðir. Örnefnastofnun Íslands.

Úlfstaðir 146351 - 208 - 23

Sérheiti: Fjallhús

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 488968 N 552905

Ástand: Hleðslur grónar.

Hættumat: Nokkur hætta.

Vegslóði liggur upp í gegnum túnið og yfir túngarðinn á tveimur stöðum.



Mynd 15, stór steinn er við enda túngarðsins sunnan við tóftir Fjallhúsa. Annar minni steinn er norðan við pennan og virðast þeir marka hlið á garðinum inn á túnið.

Staðhættir:

Í Örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Suður og upp undan bænum Úlfsstöðum, á næsta brekku eða hjallabrun, eru rústir

af húsum. Voru það beitarhús frá Úlfsstöðum og nefnd Fjallhús.“ (RI, bls. 9). Í Örnefnaskrá Gísla Magnússonar segir: „Ofan við Brekkurnar eru Fjallhúsinaðurnefnd. Í kringum þau og þó aðallega ofan við er gamalt túnstæði og hlaðinn garður í kring, Fjallhúsatún. Suður af Fjallhúsum, sunnan við Grófarlæk, er mýrlendi, kallað Sundin, og ná þau suður fyrir merki. Ofan við þau eru tveir háir hjallar, sem heita Efri-og Neðri - Húsahjalli. Draga þessir hjallar ugglaustr nafn af Fjallhúsunum.“ Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Frá heimildarmönnum“ segir: „Fjallhúsí landi Úlfstaða eru suður undan Sunnuhvöli, þó heldur ofar. (B.F.).“ (bls. 12).

Lýsing:

Garður liggur utan um tún, norðaustan við fjárhústóftirnar (146351 - 208 - 22) Garðurinn er allur vel gróinn, víðast hvar um 1m breiður en allt að 2m þar sem hann er breiðastur að vestan, hæðin er á bilinu 40-80sm. Garðurinn er hlaðinn bæði úr torfi og grjóti, mest grjót er í austurhlíð hans. Hlið virðist hafa verið á garðinum milli tveggja stórra steina (A 488953 N 552921) sunnan við fjárhústóftirnar. Við syðri steininn er greinilegt upphaf garðsins, en þar liggja hleðslur upp að honum að sunnan. Á loftmynd má sjá slóð frá þessu hliði í gegnum túnið vestanvert og út þar sem rof er í garðinum norðanverðum (A 489031 N 553039).

Heimildaskrá:

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. IX bindi, Skagafjarðarsýsla.

Kaupmannahöfn: S.L. Möller. 1930.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá: *Úlfstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.

Gísli Magnússon. Örnefnaskrá: *Úlfstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Úlfstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.

Úlfsstaðir 146351 - 208 - 24

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Frá heimildarmönnum“ segir: „Suður við Grófarána var Rétt og er það önnur rétt en sú er nefnd er hér framar í skránni. Í réttinni við Grófarána voru síðan ræktaðar kartöflur.“ (bls. 12).

Lýsing:

Réttin fannst ekki á vettvangi, en mikill gróður var á svæðinu þegar þar var farið um 2. ágúst 2007.

Heimildaskrá:

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Úlfsstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.

Úlfsstaðir 146351 - 208 - 26

Sérheiti: Þjóðvegur

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur/reiðgötur

Staðsetning: A 488393 N 553092

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir:

Ofan við bæinn Úlfsstaði fast ofan við Úlfstaðaberg eða Klöppina eins og hún er einnig kölluð.

Lýsing:

Ofan við Úlfstaðaberg sést móta fyrir fornum leiðum, ekki er þó hægt að tala um neinn veg eða vegslóða í nútímamerkingu.

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „*Vegagerð sumarið 1903*“: „Friðrik Hallgrímsson á Sunnuhvoli hefur skrifað þátt er heitir “Vegalagning í Blönduhlíð 1903”. Þar segir frá því, að sunnlenskur vegavinnuflokkur kom og lagði nokkra vegaspotta á svæðinu frá Kúskerpi út að Miklabæ. „Þeir hófu verkið skammt úr undan Kúskerpi og lögðu nokkurn vegarspotta þar út eftir, á að giska 3 - 4 hundruð metra langan. Næst lögðu þeir two vegaspotta á Sólheimamelum, annan alllangan, og þann fjórða norðan í Miklabæjarás. Þjóðvegurinn, (sem á þessum tíma var aðeins reiðgötur,) lá þá, eins og nú, neðan við Kúskerpi, en hallaði fljótlega meira til austurs en núverandi vegur gerir, og út fyrir ofan Úlfsstaðaberg, sem er sérstök klöpp með skýrum jökulmörkum, allt að dagsláttustærð. Þaðan út yfir alllangt mýrarsund neðan við Sunnuhvol, sem gerður hafði verið vegur yfir fyrir síðustu aldamót (hér er átt við aldamótin 1900), þá áfram norður yfir Sólheimamela. Norðan við Sólheima lá vegurinn út og ofan á Helluárgrund, niður undir, þar sem núverandi vegur er, þá á vaði yfir Helluá og út Helluás fyrir ofan býlið Hellu (nú í eyði), alla leið að

Víðivallalæk. Gamall brúarspotti var þar inn, sem nýbýlið Ásgarður er, út að Víðivalla- og Miklabæjarásum, yfir þá og út fyrir ofan Miklabæ. Þá tók við gamall upphlaðinn vegur yfir mýri út undir Hrólfssstaðalæk, fyrir ofan Grundarkot (nú í eyði) og Þorleifsstaði, ofan við Akratorfubæi, niður á milli þeirra og Minni-Akra, nær því á núverandi þjóðveg, og á vaðið yfir Dalsá, skammt ofan við núverandi brú. Vegur þessi var þó aðeins reiðgötur, utan vegaspotta þeirra er að framan greinir.“ [(Skagfirðingabók nr. 10, bls. 73) Þetta hefur verið skrifað 1980 eða fyrr.] Ath. Gamli vegurinn, sem svo er nefndur hér að framan, var ekki fyrsti vegur eftir Blönduhlíðinni. Eldri vegur, sá er um er fjallað í kaflanum hér næst á undan, lá dálítið ofan við Úlfssstaði, og hann var fyrsti bílvegurinn eftir Blönduhlíð. Hann var eitthvað farinn á bílum, en mundi líklega illa geta staðið undir nafninu bílvegur númer 21. aldar. Úlfssstaðaberg, sem svo er nefnt hér í kaflanum, er líklega hið sama og Klöppin“ (bls. 16).

Heimildaskrá:

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Úlfssstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.

Landamerki

Úlfssstaðir 146351 - 208 - 27

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í landamerkjaskrá fyrir Úlfssstaði með Úlfssstaðakoti, dagsett 18. maí 1888, segir: „Að austan ræður merkjum fjallsbrúnin suður á móts við vörðu þá, er stendur suður og upp frá Hleynardýrum og úr þeirri vörðu eru merkin ofan í suðurenda Sjónarholts.“

Lýsing:

Varðan var ekki skoðuð á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Sama varða og nr. 146314 – 210 - 35 í fornleifaskrá Kúskepis.

Heimildaskrá:

Landamerkjaskrá fyrir Úlfssstaði með Úlfssstaðakoti dagsett 18. maí 1888.

Úlfssstaðir 146351 - 208 - 28

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Á bakkanum niður við Héraðsvötn. Hugsanlega þar sem hringvegurinn liggur í dag.

Lýsing:

Varðan var ekki skoðuð á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Í landamerkjaskrá fyrir Úlfsstaði með Úlfsstaðakoti, dagsett 18. maí 1888, segir: „Júr Krikaborg í Úlfshaug og þaðan í vörðu niður á bakkanum og svo réttsýnis vestur í Héraðsvötn, [...]“ Sömu vörðu er getið í annarri landamerkjaskrá fyrir Úlfsstaði með Úlfsstaðakoti, ódagsettri. Í landamerkjaskrá fyrir Úlfsstaði eina, dagsett 15. júní 1924, er ekki minnst á vörðu en girðing sögð ráða merkjum. Sama varða og nr. 146314 – 210 - 34 í fornleifaskrá Kúskepis.

Heimildaskrá:

Landamerkjaskrá fyrir Úlfsstaði með Úlfsstaðakoti dagsett 18. maí 1888.

Landamerkjaskrá fyrir Úlfsstaði með Úlfsstaðakoti ódagsett.

Landamerkjaskrá fyrir Úlfsstaði eina dagsett 15. júní 1924.

Pjóðsagnastaðir

Úlfsstaðir 146351 - 208 - 29

Sérheiti: Klöpp(in)/Úlfsstaðaberg

Hlutverk: Pjóðsagnastaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 488374 N 553078

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Gísla Magnússonar fyrir Úlfsstaði segir: „Beint upp undan bænum, efst í túninu, er svokölluð Klöpp Þar á að búa huldufólk.“ (RI, bls. 9).

Lýsing:

Klöppin er um 150 norðaustan við íbúðarhúsið á Úlfsstöðum, um 35 norðan við efsta núverandi útihúsið. Klöppin er fremur lág og um 113m löng frá norðri til suðurs, mest um 55m breið. Að norðaustan er stallur á klöppinni og brúnin lítið eitt bogadregin frá suðri til norðvesturs. Að vestan er hún aflíðandi niður að graslendinu. Mjög greinilegar jökulrákir sjást á klöppinni, þar sem hún er ekki gróin, en rúmur helmingur hennar er með einhverri gróðurþekju, þótt víðast sé hún þunn. Þrjár fremur óljósar tóftir eru á klöppinni (146351 - 208 - 8, -10 og -11) og allmargar slitrunar úr gamla túngarðinum (146351 - 208 - 9).

Aðrar upplýsingar:

Enn segir í örnefnaskrá Gísla Magnússonar fyrir Úlfsstaði : „Veturinn 1970, eða þar um bil, var fluttur þáttur í útvarkinu af huldukonu, sem eitt sinn rændi barni á Úlfsstöðum, en skilaði því eftir two daga, þar sem því féll ekki vistin í Klöppinni. Þessi saga var höfð eftir gamalli konu, sem var á Úlfsstöðum fyrir tíð Sigurðar [N. Jóhannssonar f. 1916], (en var á lífi, er þátturinn var fluttur) og átti þessi atburður að hafa gerst á síðustu öld. [Ath. þetta er skrifað 1973 (innskot Rósmundar)].“ (RI, bls. 10). Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar fyrir Úlfsstaði undir kaflaheitinu „*Hætti að pjakka í klöppina*“ er vitnað í

Sagnablöð Arnar á Steðja, en þar er eftirfarandi saga höfð eftir Kristjáni Jónssyni á Laugalandi í Þelamörk: „Dreymdur huldumaður. Þegar ég var 14 ára gamall, átti ég heima á Úlfsstöðum í Blönduhlíð. - Efst á túninu þar er stór klöpp, sumstaðar grasi vaxin ofan. - Það var siður minn á kvöldin, þegar dimmt var orðið, að fara upp á klöppina og pjakka með broddstaf niður í hana. Sýndust mér þá eldneistar hrökkva undan broddinum. Þá var það eina nótt, að mig dreymdi að til mín kæmi stórvaxinn, skeggjaður maður, er mér stóð mikill stuggur af. Hann ávarpaði mig kuldalega og hét mér því, að illt skyldi mig henda, ef ég héldi áfram sama athæfi og áður, því að í gærkvöld hefði ég brotið glugga fyrir sér. Vék hann síðan frá mér. En þrátt fyrir óstýrilæti mitt hafði draumur þessi svo sterk áhrif, að ég hætti þessum tiltektum. (Sagnablöð III. e. Örn á Steðja. Ak. 1948).“ (bls. 16). Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar fyrir Úlfsstaði undir kaflaheitinu „Vegagerð sumarið 1903“ segir: „Úlfsstaðaberg, sem svo er nefnt hér í kaflanum, er líklega hið sama og Klöppin.“ (bls. 16). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir er einnig að finna frásögn Kristínar Geirsdóttur (f. um 1834) um huldufólk í klöppinni. (sjá Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 372)

Heimildaskrá:

Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson.

Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

Gísli Magnússon. Örnefnaskrá: Úlfsstaðir. Örnefnastofnun Íslands.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: Úlfsstaðir. Örnefnastofnun Íslands.

Friðlýstar minjar



Loftmynd 4, Úlfsshaugur (146351 - 208 - 30) fyrir miðri mynd, merkjagirðing Úlfssstaða og Kúskerpis sést hægra megin á myndinni með stefnu á miðjan hauginn, en þar hefur girðingin verið sett á svig við hólinn.

Úlfssstaðir 146351 - 208 - 30

Sérheiti: Úlfshaugur

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Hóll

Staðsetning: A 488672 N 552255

Ástand: Gott

Hættumat: Nokkur hætta. Hóllinn er afgirtur og ætti því ekki að vera í hættu af manna-eða skepu völdum. Hins vegar er skógurinn þétt upp að hólnum og vafalaust ganga rætur trjánna inní hólinn. Hann verður því að teljast í hættu af völdum skógræktar.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Gísla Magnússonar fyrir Kúskerpi segir: „Úlfshaugur er rétt ofan við þjóðveginn á landamerkjum Kúskerpis og Úlfssstaða. [Hér er átt við eldri veginn].“ (RI, bls. 6, innskot Rósmundar).

Lýsing:

Hóllinn er um 8-10m í þvermál og um 1,5 m hárr, greinileg gróðurskil eru á hólnum og umhverfi hans. Hóllinn er gróinn elftingu og ýmsum skógarbotnsgróðri, en umhverfis vex puntur og vallendisgróður. Girt hefur verið umhverfis hóllinn og barrskógrum umlykur hann að sunnan og austan. Ekki er hægt án frekari rannsókna að skera úr um hvort hóllinn sé náttúrulegur eða mannaverk, þótt hið síðara virðist líklegra.

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá Gísla Magnússonar fyrir Kúskerpi segir: „Úlfshaugur er rétt ofan við þjóðveginn á landamerkjum Kúskepis og Úlfssstaða. Þetta er smáhóll rétt við brekkuræturnar og sker sig ákaflega lítið úr. Girðing er á landamerkjunum. Þó hafa ábúendur sýnt gamla höfðingjanum þá virðingu að leggja hana ekki yfir hauginn, heldur sveigt hana suður fyrir þar sem haugurinn er.“ (RI, bls. 6). Í örnefnaskrá Rósmundar einnig fyrir Kúskepi segir undir kaflaheitinu „Nytjaskógrur í nútímanum“: „Á landamerkjum milli Kúskepis og Úlfssstaða er lítill grasigróinn hóll sem heitir Úlfshaugur.. Þar á samkvæmr þjóðsögu að vera heygður landnámsmaðurinn Hjálmólfur, sem talið er að hafi líklegast búið á Úlfss töðum. Ekki er vitað til að grafið hafi verið í hóllinn til að kanna málið. Úlfshaugur er friðlýst fornleif og er hann merktur sem slíkur. Hóllinn er örskammt austan við Gamla veginnog við brekkurætur og nær skógr fast að honum. Girt er í kringum hóllinn og hann merktur sem friðlýstar formminjar. [...] Fyrstu plöntur voru settar niður um 1960.“ (bls. 8). Í Skagfirzkum annál 1847-1947, undir ártalinu 1926 eru taldir upp nokkrar fornleifar í Skagafirði, sem voru friðlýstar frá og með 13. ágúst sama ár. Á meðal þeirra er Úlfshaugur (Kristmundur Bjarnason 1998, bls. 433). Í grein Brynjólfss Jónssonar „Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905“ segir: „Svo segir í Landn. III, 8.: „Maður hét Hjálmólfur, er land nam um Blönduhlíð“. Um bústað hans er ekki getið. En sé gengið út frá því, að maðurinn hafi heitið Úlfr réttu nafni, en kendur við hjálm og því orði skeytt framan við nafnið (sbr. Hjör- Leifr o.fl.), þá verður það líklegt, að hann sé sami maðurinn og Úlfr á Úlfss töðum, sem landn. getur ekki, en hefur þó líklega verið landnámsmaður. Haugur Úlfs er sýndur stuttum spöl suður frá bænum Úlfss töðum. Eigi hreyfði ég við honum, virtist hann enda vera líkari skriðuþust en haugi.“ (Brynjúlfur Jónsson 1906, bls. 25). Þá segir Margeir Jónsson um landnám Hjálmólfss í greininni „Frásögn Landnámabókar um landnám í Skagafirði“: „Sturlubók getur þess á þennan veg: „Maður hét Hjálmólfur, er land nam um Blönduhlíð“ Melabók og Hauksbók hafa; [...] ofan um Blönduhlíð“. Er það öllu réttara, því að landnám Hjálmólfss hefur náð ofan frá Bólstaðará (nú Bóluá) niður (eða norður) til Djúpadalsár (áður Djúpárdalsár, nú venjulega Dalsá). Skilja mætti frásögnina svo, að Hjálmólfur hafi numið alla Blönduhlíð. En þetta er aðeins framhluti Blönduhlíðar. Landnám Gunnólfss, Þóris dufunes og vestari hlutinn af landnámi Þorbrands örreks er einnig í Blönduhlíð. Framarlega í landnámi Hjálmólfss eru Úlfssstaðir. Jeg hef heyrt það haft eftir gömlum fróðum Blöndhlíðingum, að þeir hefðu heyrt þau munnmæli, að Úlfssstaðir væri landnámsjörð. Bæði nafnið og munnmælin styrkja því Landnámsögnina, þótt stutt sé hún og ekki nákvæm. Mun Hjálmólfur heitið hafa Úlfur, en fengið auknefni, sbr. Kveld-

Úlfur.“ (Margeir Jónsson 1927, bls. 28.) Í fornleifaskýrslu, dagsettri 19. maí 1818, segir Jón Espólín: „Hóll hjá Úlfsstöðum kallaður Úlfshaugur eftir þeim er byggði Úlfsstaði, er ei greindur fyrir mér hve stór sé. Prófastur Pétur Pétursson bað ábúendur Úlfsstaða að grafa í hann, en þeir hafa hér til undan talist.“ (*Frásögur um fornaldarleifar*, bls. 515.) Í bók Ólafs Davíðssonar Ízlenskar þjóðsögur (III bindi) segir um Úlfshaug : „Sagt er að Úlfur sá, sem Úlfsstaðir í Blönduhlíð eru kenndir við, hafi haft hugboð um, að kristni mundi verða föst hér á landi, og hafi hann því kveðið svo á, áður en hann andaðist, að heygja skyldi sig þar, sem minnst líkindi væru til, að klukknahljóð heyrðist. Þetta var gert, og var Úlfur heygður í lág einni mitt á milli Miklabæjar og Silfrastaða. Haug hans sér enn í dag. / Eftir sögn Jakobs Hanssonar frá Hrólfsstöðum í Blönduhlíð 1902.“ (Ólafur Davíðsson 1979, bls. 15)

Heimildaskrá:

Brynjólfur Jónsson, „Rannsókn í Norðurlandi sumarið 1905“ í *Árbók Fornleifafélags Íslands* 1906 (1907). Bls. 3-27.

Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823. II bindi. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1983 [rétt 1984].

Kristmundur Bjarnason. *Skagfirzkur Annáll 1847-1947*. II bindi. Reykjavík: Mál og mynd, 1998.

Margeir Jónsson, „Frásögn Landnámabókar um landnám í Skagafirði“, í *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, 1927, bls. 28.

Ólafur Davíðsson, *Íslenzkar Þjóðsögur*, III bindi. 3. útg. (1. útg. 1935-1939) Reykjavík: Þjóðsaga, 1979.

Gísli Magnússon. Örnefnaskrá: *Kúskeppi*. Örnefnastofnun Íslands.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Kúskeppi*. Örnefnastofnun Íslands.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Úlfsstaðir*. Örnefnastofnun Íslands.

Kúskerpi í Blönduhlíð

Land Kúskerpis liggur frá Héraðsvötnum að suðvestan gegnt Héraðsdal og upp á fjallsegg Sólheimafjalls að norðaustan til móts við land Miðsitju. Syðst á suðaustur merkjum liggja merkin að Uppsölum, en ofar í fjallinu að sameiginlegu beitarlandi Uppsala og Bólu. Í norðvestur horni landareignarinnar ná saman lönd Kúskerpis og sameiginlegt land Steinstaða og Laugarbóls, þótt Héraðsvötn skilji að vísu á milli. Úlfsstaðir eru meðfram allri norðvesturhlið landareignarinnar.

Núverandi þjóðvegur liggur eftir eyrum Héraðsvatna suðvestast í Kúskerpislandi. Ofan hans eru flatar eyrar sem Héraðsvötnin hafa mótað. Eyrarnar eru nú að mestu uppgræddar og eru þar tún og kornakrar. Ofan við eyrarnar tekur landið að hækka, að norðanverðu virðist jarðvegurinn dýpka næst brekkufætinum sem tekur við af eyrunum og voru þar áður blautar mýrar, ofan þeirra nokkuð brött brekka uppá klettastalla. Að sunnanverðu tekur hins vegar við melbakki þegar eyrunum sleppir, sléttur að ofan en gróðurlíttill, *Kúskerpismelur*. Ofan hans er gamla heimatúnið og bæjarstæðið í aflíðandi brekku. Ofar í landinu taka við klettahjallar, *Höllin*, og tvö allbreið sund, sem nú hafa verið þurrkuð upp og bylt í tún en voru áður blautar mýrar. Þar fyrir ofan taka við klettastallar hver af öðrum upp eftir hlíðinni með grösugum flötum á milli.

Söguágrip, náttúrufar og jarðabætur

Kúskerpi kemur hvergi fyrir í Íslendingasögunum en sést fyrst á blaði í fornþréfi frá fyrrihluta 15. aldar, þar sem fram kemur að jörðin hafi verið metin á 25 hundruð.³⁰ Landskuld er að vísu ekki tilgreind en meginreglan var sú að skattur væri greiddur af jörðum í hlutfallinu 20:1 eða 5%, það má því leiða að því líkum að skatturinn hafi verið 1hdr. og 30 álnir. Þá er rétt að taka fram að í jarðamötunum er jafnan notað langt hundrað, sem jafngildir 120 álnum (þetta eru því 120+30 al, eða 150 álnir). Árið 1569 er landskuldin á Kúskerpi $1\frac{1}{2}$ hdr. (þ.e. 180 álnir) með tíundum og kúgildi 6. Jarðamatið ætti því að vera 30 hdr. sé miðað við 5% skatt. Í jarðabók frá 1686 er Kúskerpi metin á 30 hdr., jörðin er þá leigð á $1\frac{1}{2}$ hdr. (180 álnir)³¹ með 5 kúgildum og sömuleiðis árið 1695 og samræmist það 5% skatthlutfalli.

Árið 1713 er matið óbreytt 30 hdr., landskuld 1 hdr. og 60 álnir (þ.e. 180 álnir) að meðreiknuðu þurfamannatíund. Þar segir enn fremur: „Torfrista og stunga viðsæmandi. Móskurður hefur verið, brúkast ekki. Veiðivon í Vötnunum. [...] Svo segja munnmæli að jörð þessi hafi átt skógarhögg meðan hann entist og síðan hrísrif á Öxnadalsheiði í

³⁰ Bréf dags. 14. maí 1442 í Múla. „Tveir menn votta, að Jón Ófeigsson og Þórður Böðvarsson handfestu séra Sveinbirni Þórðarsyni þann vitnisburð, að jörðin Kúskeri í Silfrastaðaþingum hafi verið tíunduð fyrir hálfan þriðja tug hundraða.“ (DI IV, bls. 624-625.)

³¹ $1\frac{1}{2}$ hdr. í landskuld ætti að vera það sama og 180 álnir ef skatturinn er hér tilgreindur í löngu hundraði eins og venja er í jarðabókunum, 1 hdr. er þá sama og 120 álnir af heimaspunninni ull (1 al = 114cm = 45“), eða 1 kúgildi, þ.e. verðmæti einnar kýr á aldrinum 4-8 vetra sem boríð hefur a.m.k. tvisvar. Þetta jafngildir 6 ám með lömbum, 6 vættum eða 240 fiskum. (1hdr. = 120 al. = 1 kúg. = 6 lambær = 6 vættir = 240 fiskar = 5 tunnur af kolum).

Silfrastaðalandi, þar sem heitir Kúskerpishvammur³² en Silfrastaðir skuli þar í mótt átt hafa móskurð í Kúskerpislandi. En ei framkoma hér skilmerkari rök fyrir þessu. Vatnsból bregst á vetur til stórbaga. Héraðsvötnin brjóta landið að neðan. Ekki er kvíkfé óhætt fyrir foröðum.³³ Árið 1759 er ákveðið á aukahéraðsþingi á Lýtingsstöðum að lækka landskuldina vegna skaða sem jörðin hefur orðið fyrir af völdum flóða í Héraðsvötnum, landskuld er þá ákveðin 1 hdr. og 20 álnir (eða 140 álnir).³⁴ En ekki kemur fram hvort mat jarðarinnar hefur verið lækkað að sama skapi, en það verður að teljast ólíklegt.

Í jarðatali Johnsens frá 1847 er Kúskerpi sögð 30 hdr. að dýrleika, landskuld 1 hdr. og 60 álnir (þ.e. sama og áður 180 alnir), kúgildi 4 og einn leigjandi.³⁵ Í jarðabók frá árinu 1849 segir: „Túnið er hérumbil 9 dagsláttur. Meiri partur þess þýfður, vel ræktað og grasgefið. Fóðrar 3 kýr í meðal ári. Engjar eru fremur víðslægar, þurrar, þýfðar, fremur snöggendar, sæmilega heygóðar og liggja nærrí. Landþróngt og landlétt fyrir búsmala en jarðsælt á vetrum. Torfrista léleg. Jörðin er til jafnaðar álitin fær um að bera 3 kýr, 32 ær, 36 sauði og 18 lömb, er samsvarar 11 hundruðum.“³⁶ Árið 1861 er jarðarmatið lækkað í 15,6 hundruð (sem myndi þá þýða 0.78 hdr. eða 94 álnir í landskuld).³⁷

Jarðamatið byggir á kerfi sem tekið var í notkun á 11. öld þegar farið var að heimta skatt af jörðum, eða tíund.³⁸ Þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín tóku saman jarðabók sína snemma á 18. öld áttu þeir að útbúa nýtt kerfi fyrir mat jarða en vannst ekki tími til, þeir notuðust því við gamla jarðamatið frá miðoldum. Ekki er ljóst á hverju matið hefur byggst og enda hefur það verið umdeilt síðan á 17. Öld og Árni og Páll gátu ekki frekar en aðrir útskýrt upphaf kerfisins.³⁹ Ein kenning er að matið hafi upphaflega byggst á því hve margar skepnur hægt var að fóðra á jörðunum, og má vera að svo hafi verið þegar byrjað var að nota kerfið á 11. öld.⁴⁰ Rannsóknir á jarðamati eftir 1600 sýna hins vegar ljóslega að það geti ekki útskýrt muninn á mati jarða nema að litlu leyti.⁴¹ Gísli Gunnarsson prófessor við Háskóla Íslands telur líklegast að „jarðaeigendur hafi á 11. Öld samið sín á milli hvaða mat skyldi þá vera á hverri jörð. Forsendur þessa mats hafa alls ekki þurft að vera hagrænar að öllu leyti. Þessi ákvörðun um jarðamat hélst síðan að mestu óbreytt í meira en 800 ár. Þegar breytingar voru nauðsynlegar vegna þess að jörðum var skipt (eða þær sameinaðar) eða vegna breyttra atvinnuháttar, og þá einkum

³² Kúskerpishvammur er í Skógarhlíð neðarlega við Heiðará.

³³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. IX bindi, Skagafjarðarsýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller. 1930. Bls. 168. Hér eftir JÁM IX og blaðsíðatal.

³⁴ DI IV, bls. 624-625.

³⁵ J.Johnsen (1847) *Jarðatal á Íslandi – Með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier. bls. 264. Hér eftir Johnsen (1947) og blaðsíðatal.

³⁶ Jarðamat 1849, nr. 245.

³⁷ Jarðabók 1861.

³⁸ Sbr. J.Johnsen (1847), bls. VI.

³⁹ Gísli Gunnarsson. „Hversu stór er einingin hundrað, sem notuð var um stærð jarða?“. *Vísindavefurinn* 2.4.2002. <http://visindavefur.is/?id=2256>. (Skoðað 28.10.2007).

⁴⁰ Sbr. Johnsen (1847), bls. VI.

⁴¹ Gísli Gunnarsson. „Hversu stór er einingin hundrað, sem notuð var um stærð jarða?“. *Vísindavefurinn* 2.4.2002. <http://visindavefur.is/?id=2256>. (Skoðað 28.10.2007).

aukinna fiskveiða eftir 1200/1300, var reynt að halda breytingum í lágmarki. Jafnvel í nýja jarðamatinu 1922 var reynt að breyta sem minnst innbyrðis verðmætishlutföllum jarða og ef slíkt var gert, var skammt í mótmæli bænda. Þeir vildu hafa jarðir sínar metnar sem lægst til að þurfa að greiða sem minnst í skatt; samanburður við nágrannann var reglan og breytingar á innbyrðis hlutföllum því illa séðar.⁴² Á árunum 1848-1861 var hins vegar gerð tilraun til að samræma matið yfir landið í heild en án árangurs. Meðaljörð virðist hafa verið metin á um 20 hdr. þegar litið er á landið í heild,⁴³ og gæti lækkunin árið 1861 skýrst af þessari samræmingar tilraun. Áð fornu var Kúskerpi metin á 30 hdr. en árið 1861 var matið lækkað niður í 15,6 hdr., líklega hefur jörðin Kúskerpi talist heldur undir meðallagi á þeim tíma.

Árið 1918 var túnið talið 287 arar (þ.e. um 3,5 ha), að 2/5 slétt og í góðri rækt. Gefur af sér 120 hesta. Engjar nærtækjar, þýfðar, þurrar og snögglandar. Gefa af sér 200 hesta af kjarngóðu heyi. Engjavegur góður. Beitiland stórt eftir öðrum jarðarnytjum, snjólétt og vorgott. Góð hrossaganga. Smalamennska hæg. Einþaett vírgirðing í beitilandi, 1200 faðmar. Jörðin er nýkomin í leiguábúð og landskuld 90 krónur en kúgildi 2. Landið er metið á kr. 2.250, hús á kr. 550, tíu ára umbæturá kr. 200. Samtals kr. 3.000. Í jarðabókinni frá 1922 var jörðin metin á 3.500 kr.⁴⁴, í fasteignabók frá árinu 1931 á 3.200 kr. og árið 1942 á 3.700 kr., árið 1966 á 1.537.000 kr., árið 1985 á 2.524.00 kr. og árið 2000 á 15.318.000 kr.

Handbók um hlunnindajarðir á Íslandi, sem skráð er af Lárusi Ág. Gíslasyni eru tilgreind sem hlunnindi á Kúskerpi, lax og silungsveiði.⁴⁵ Heildarstærð landsins er talin 392 ha, um 55% telst í dag vel gróið og þar af 31 ha ræktað land.⁴⁶

Af þessu sést að litlar breytingar hafa orðið á mati jarðarinnar í gegnum tíðina þar til kemur fram á 20. öldina, að vísu hækkar hún heldur í mati frá 1442 þar til einhvern tíma fyrir 1686, þ.e. úr 25 í 30 hdr., en helst óbreytt í næstu 200 ár í það minnsta fram til 1861, þegar það er lækkað niður í 15,6 hdr. Þessar breytingar segja e.t.v. meira um breyttar áherslur við framkvæmd jarðamatsins og önnur utanaðkomandi áhrif en breytingar á jörðinni sjálfri. Eftir að kemur fram yfir miðja 20. öld verða hins vegar miklar breytingar á jarðnæði Kúskerpis eins og annarra jarða í kjölfar aukinnar vélvæðingar í sveitum.

⁴² Gísli Gunnarsson. „Hversu stór er einingen hundrað, sem notuð var um stærð jarða? “.Vísindavefurinn 2.4.2002. <http://visindavefur.is/?id=2256>. (Skoðað 28.10.2007).

⁴³ Gísli Gunnarsson. „Hversu stór er einingen hundrað, sem notuð var um stærð jarða? “.Vísindavefurinn 2.4.2002. <http://visindavefur.is/?id=2256>. (Skoðað 28.10.2007).

⁴⁴ Fasteignabók – Löggilt af Stjórnarráði Íslands samkv. Lögum nr. 22, 3. nóv. 1915. Öðlast gildi 1. apríl 1922. Reykjavík: Prentsmiðjan Acta. 1921.

⁴⁵ Lárus Ág. Gíslason (1982). *Handbók um hlunnindajarðir á Íslandi*. Reykjavík: Prentsmiðjan Leiftur hf. Bls. 160.

⁴⁶ *Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur.* Ritsj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007. Bls. 376. Hér eftir *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, og blaðsíðatal.

Eignarhald

Fremur litlar heimildir eru um eignarhald jarðarinnar. Þó er til eitt jarðakaupabréf frá 1428, þegar Þórður Þorsteinsson bóndi á Laugum í Reykjadal erfir jörðina ásamt konu sinni. Árið 1442 erfir sonur þeirra Sveinbjörn í Múla í Aðaldal jörðina, sem þá er metin á 25 hundruð. Árið 1525 er jörðin komin í eigu Hólastaðar, en seld aftur ásamt fleiri jörðum Hólastaðar árið 1802. Þá keypti ábúandinn kúgildið en séra Pétur Pétursson á Víðivöllum jörðina og var kaupverðið 145 ríkisdalir. Árið 1828 selur hann jörðina Eiríki Eiríkssyni á 400 rd. en hann seldi aftur árið 1841 Hinriki Hinriksstöðum presti á Starrastöðum. Jörðin helst eftir það í sömu ætt og í ábúð eiganda, þar til 1917 að Valdimar Guðmundsson í Vallanesi kaupir Kúskepi fyrir 4000 krónur. Synir Valdimars selja svo Jóhanni Lúðvíkssyni og Sigurlínu Magnúsdóttur jörðina árið 1947. Núverandi eigendur og ábúendur, frá 1986, eru Maríá dóttir þeirra hjóna og hennar maður Einar Halldórsson.⁴⁷


Bæjarnafnið

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Nafnið virðist óbrenglað frá fyrstu tíð. Þannig er það stafsett í fornbréfi frá 1442 en reyndar er til annað bréf eldra, frá 1428, þar sem stafsett er kuskepi. Þar vantar r og benda líkur til að það sé einungis pennaglöp. [DI IV, bls. 361 og 624-625] / Heitið er torskilið og ýmsar hugleiðingar hafa komið fram um þýðingu þess. En að því gefnu að fyrri nafnliðurinn sé tengdur við kýr ætti hinn seinni að vera leiddur af lýsingarorðinu skarpur, þ.e. hvass, harður. Á þessum forsendum reyndi Margeir Jónsson að kryfja merkingu orðsins, taldi að seinni liður nafnsins hefði upphaflega verið skerpir í nefnifalli en þágufallið skerpi hefði síðan útrýmt r-endingu í nefnifalli og nafnorðið þar með orðið hvorugkyns. Hið gamla túnstæði á Kúskepi var grýtt og harðslægt og töðu slægjur því litlar til kúafóðurs en bithagi er þar betri. Frumbygginn kann því að hafa gefið jörðinni nafnið Kúskepir sem mætti útleggjast sem harðslægur kúavöllur [Margeir Jónsson: Torskilin bæjarnöfn í Skagafjarðarsýslu, bls. 26-29; o.fl.].“⁴⁸

⁴⁷ Sbr. Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 382.

⁴⁸ Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 382.

Fornleifaskrá



Loftmynd 5, túnakort Guðmundar Sveinssonar frá 1919 lagt yfir loftmynd af Kúskepi. Númerin á myndinni vísa til öftustu tölunnar í auðkennisnúmeri hverrar fornlefjar.

Minjar innan túns

Kúskepi 146314 – 210 - 1

Sérheiti: Gamli bærinn

Hlutverk: Bær

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 488939 N 551699

Ástand: Horf Finn

Hættumat: Nokkur hætta. Bærinn stóð þar sem nú er sléttan tún og því gætu minjar verið í hættu ef hreyft er við jarðvegi staðnum.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Byggingar nútímans“ segir: „Gamli bærinn á Kúskerpi, forveri eldra íbúðarhússins, stóð á hól ofan við það hús og beint suður undan efra íbúðarhúsinu. Spölkorn ofan við bæinn var Reykhús og sjást leifar þess.“ (bls. 9).

Lýsing:

Búið er að sléttu gamla bæjarstæðið (ca. A 488939 N 551699) og sér því ekkert eftir af bænum.

Aðrar upplýsingar:

Í Skagfirzkum annál 1847-1947 segir svo undir dagsetningunni 1. jan. 1856: „Eldhús brann á Kúskerpi“ Óvist er hvort þetta hefur verið hluti af síðasta torfbænum á Kúskerpi en steinhús byggt árið 1948 leysti hann af hólmi sem íbúðarhús. Ef um sama torfbæ er að ræða hefur að líkindum verið búið að endurnýja mikið eða endurbyggja á þeim tæplega 90 árum sem líða frá því er eldhúsið brennur þar til steinhúsið er byggt. Í bókinni Ég vitja þín æska lýsir Ólína Jónasdóttir (1885-1956) byggingum á Kúskerpi þegar hún dvaldist þar sem barn og unglungur: „Á Kúskerpi var auðvitað torfbær. Baðstofan var þrjú stafgólf á lengd, en mjó. Hún snéri frá norðri til suðurs. Var gengið í hana frá suðri. Undir norðurstafni var rúm húsbænda. Við það var stórt borð undir vesturhlið og gluggi yfir með fjórum litlum rúðum. Þar fram af var rúm Guðrúnar vinnukonu. Upp með fóttagafli á hjónarúminu var rúm Oddnýjar og lítið borð framan við það. Þar fram af, undir austurhlið, kom rúm Stefáns og aftur af því rúm Ólafs Jóhannessonar. Aftan við rúm Guðrúnar var lambastíá á vetrum, ekki komust þar nema þrjú til fjögur lömb. Prír gluggar voru á vestri og einn á austri. Á einum þeirra voru göt í gluggapóstinn, og voru þau opnuð, þegar reykur úr eldhúsinu fyllti baðstofuna. Strompur var á miðjum mæni. [...] Tvö innri stafgólf baðstofunnar áttu að heita þiljuð, en fremsta stafgólf aðeins reft og torfveggirnir berir. [...] Beint á móti baðstofudyrum var búrið, lítið og lágt, með glugga á suðri. Þar var geymt slátur, smjör og skyr, þar var mjólkinn sett á vetrum, og þar var strokkað. Á milli búrs og baðstofudyra opnuðust löng göng, í þeim var skellihurð, og framan við hana til norðurs var eldhúsið, en göngin lágu áfram fram í bæjardyr. Þær voru litlar og niðurgrafnar, og rann vatn oft inn í þær. [...] Suður úr bæjardyrum var skálinn með gluggum á þili, sem snéri fram á hlaðið. Þar voru hirzlur, fót fólksins, reiðtygi, harðfiskur og kornmatur. Loft var yfir bæjardyrum, þar voru geymd fjallagrös og ullarpokar. Sunnan við bæinn var hestarétt, en hestasteinn, sem jafnframt var fiskasteinn, framan við hlaðið. Inn af réttinni var líttill kofi, niðurgraffinn, kallaður sunnankofi. Þar voru geymdir reiðingar og klifberar, Austan við bæinn var líttill kofi, á sumrum var mjólkinn sett þar. [...] Norðankofi var fyrir norðan bæinn, þangað var borinn allur eldiviður á haustin. [...] Svona var húsakynnum hártað, fyrstu árin, sem ég var á Kúskerpi. Síðan var byggð baðstofa og eldhús og gamla baðstofan tekin fyrir búr, en eldhúsið hækkað og gert að fjósi. Hygg ég, að gamla baðstofan standi enn.“ (bls. 11-12)


Pá segir hún enn fremur um eldhúsið á öðrum stað: „Allt var soðið og bakað á hlóðum í eldhúsínu, sem var lítið og lágt. Einn gluggi á þekjunni og stór eldhússtrompur, hlaðinn úr torfi. Hlóðir tvennar, aðrar stórar, en hinar litlar. Á bita yfir hlóðunum hékk reipi og neðan í endum þess járnkrókar, er pottarnir voru hengdir á. Ofan á hlóðarsteinana voru lagðar stórar, flatar hellur, og mátti leggja á þær, þegar á lá. Undir eldstæðinu var gjóta, sem öskunni var mokað í.“ (bls. 19-20).

Heimildaskrá:

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Kúskepi*. Örnefnastofnun Íslands.

Skagfirzkur Annál 1847-1947.

Ólína Jónasdóttir. *Ég vitja þín æska: Minningar og stökur*. Akureyri: Norðri, 1946.



Mynd 16, horft til norðausturs inní tóft reykkofans, norðarlega í gamla túninu á Kúskepi. Ljósm. BZ.

Teikning 11

Kúskepi 146314 – 210 - 2

Hlutverk: Reykhús

Tegund: Tóftir

Staðsetning: A 488998 N 551719

Ástand: Hleðslur standa, grónar.

Hættumat: Nokkur hætta. Minjarnar eru í hættu vegna, jarðræktar og ágangs búfjár.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Byggingar nútímans“ segir: „Gamli bærinn á Kúskepi, forveri eldra íbúðarhússins, stóð á hól ofan við það hús og beint suður undan efra íbúðarhúsínu. Spölkorn ofan við bæinn var Reykhús og sjást leifar þess.“ (bls. 9).

Lýsing:

Reykkofinn stendur niður undan brekkunni efst í gamla túninu, á svolitlum hóli 10x10m, um 30m neðan við veginn sem liggur upp á túnstykkin á Sundunum. Tóftin snýr


norðaustur-suðvestur og er um 8x7m að utanmáli. Veggir eru nokkuð vel uppistandandi um 70sm háir og 1m breiðir. Inní tóftinni er torf, bárujárn og timbur úr þakinu sem er fallið. Svo virðist sem tóftin gæti hafa verið tvískipt en erfitt er að átta sig á því vegna þakleifanna. Innra hólfið (norðara) er þá 2,7x1,4m, en það fremra 2,7x2,5m og dyr fyrir miðjum suðvesturvegg. Tóftin er öll vel gróin.

Aðrar upplýsingar:

Á öðrum stað í örnefnaskrá Rósmundar segir undir kaflaheitinu „Frá heimildarmönnum“: „Syðst og austast á Kúskepristúni var Valdimarshús. [...] Skammt norðaustan við þau var Reykhús, sem nú er horfið, en rústir þess sjást.“ (bls. 9). Líklega er hér átt við sama hús.

Heimildaskrá:

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Kúskepr*. Örnefnastofnun Íslands.



Mynd 17, Valdimarshús/Vallaneshús austarlega í gamla Kúskepris túninu. Horft til norðausturs. Bryndís Zoëga við skráningar á þakinu. Ljósmynd. GSS.

Kúskepr 146314 – 210 - 3

Sérheiti: Valdimarshús/Vallaneshús

Hlutverk: Fjárhús/Hesthús

Tegund: Tóftir

Staðsetning: A 488987 N 551648

Ástand: Hleðslur standa

Hættumat: Lítill hætta. Minjarnar eru vel sýnilegar og hluti þeirra afgirtur. Þær ættu því ekki að vera í hættu af manna eða skepnu völdum.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Frá heimildarmönnum“ segir: „Syðst og austast á Kúskepristúni var Valdimarshús.“ (bls. 9).

Lýsing:

Húsin standa enn að miklu leyti, hlaðin úr torfi og grjóti. Grjóthlaðin neðst, klambra ofar og strengur á milli. Húsin snúa austur-vestur og heytóft til austurs. Steinsteypur gafl er til

vesturs og hafa verið til sitthvoru megin. Dyraop milli fjárhúsa og hlöðu/heytóftar. Húsin eru vel standandi. Þak er alveg fallið að sunnan en standa að hluta að norðan, þó hefur það fallið út fyrir norðurvegginn. Brak úr veggjum og þaki eru í tóftinni. Grýtt er í kringum hana og rabbarbara garður sunnan við. Veggur hlaðinn úr torfi og grjóti á milli húss og hlöðu 110sm breiður og um 220sm hárr. Garði 120sm breiður og 50sm hárr. Hlöðuveggur um 160sm hárr og um 1m breiður. Suðurveggur 50-70sm hárr og 1m breiður. Norðurveggur hæstur um 160sm og 120sm breiður. Steinsteypur gafl 150sm hárr og 20sm breiður.

Aðrar upplýsingar:

Enn segir í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar: „Valdimarshús, sem kennt var við Valdimar í Vallanesi. Síðari ár hafa húsin verið nefnd Vallaneshús. En Valdimar nytjaði jörðina (Kúskerpi), oftast að hálfu, tímabilið 1925-34. [...] Vallaneshús(fyrrnefnd), sem eru torfhús, standa enn, haustið 2004. Skammt norðaustan við þau var Reykhús, sem nú er horfið, en rústir þess sjást.“ (bls. 9). Síðast voru húsin notuð sem hesthús. Í skýrslu fasteignamatsnefndar frá 1965 segir í upptalningu bygginga á Kúskerpi: „Hesthús, 20 hrossa, torfhús, gamalt.“ (bls. 1).

Heimildaskrá:

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Kúskerpi*. Örnefnastofnun Íslands.

Skýrsla fasteignamatsnefndar fyrir Kúskerpi frá 1965.

Kúskerpi 146314 – 210 - 4

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóftalægð

Staðsetning: A 488997 N 551673

Ástand: Engar hleðslur greinanlegar

Hættumat: Nokkur hætta. Þarna eru minjar í hættu ef hreyft er við jarðvegi.



Mynd 18, tóftalægðir (146314 - 210 - 4) norðaustan við Vallaneshús. Horft til suðvesturs, Vallaneshús fyrir miðri mynd. Ljósmynd. GSS.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Frá heimildarmönnum“ segir: „Syðst og austast á Kúskerpistúni var Valdimarshús.“ (bls. 9).

Umræddar tóftalægðir eru um 15m ofan við þessi hús.

Lýsing:

Um 15m norðan og lítið eitt austan við Vallaneshús/Valdimarshús sér móta fyrir tveimur samsíða lægðum í túninu sem benda til að þar gæti hafa staðið hús. Lægðirnar eru um 20sm djúpar, sú efri er um 5,5m löng og 2m breið, en hin neðri allt að 3m breið og heldur

styttri en hún er óljós til vesturs. Um tveir metrar eru á milli lægðanna.


Aðrar upplýsingar:

Á túnakorti frá 1919 er sýnt útihús á þessum stað í túninu.

Heimildaskrá:

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Kúskerpi*. Örnefnastofnun Íslands.

Túnakort. Kúskerpi 1919. Unnið af Guðmundi Sveinssyni. Þjóðskjalsafn Íslands.



Mynd 19, lægðir (146314 - 210 - 5) e í gamla túninu vísa á byggingaleifar undir yfirborðinu. Ljósm. BZ.

Teikning 13

Kúskerpi 146314 – 210 - 5

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 488954 N 551771

Ástand: Mjög sokkin og gróin

Hættumat: Nokkur hætta. Þarna eru minjar í hættu ef hreyft er við jarðvegi.

Staðhættir:

Tóft er norðarlega í gamla túninu á Kúskerpi, um 110m suðaustur af núverandi íbúðarhúsi.

Lýsing:

Rétt neðan við veginn sem liggur til suðausturs ofan við gamla túnið í Kúskerpi er mjög óljós tóft eða tóftalægð sem liggur norðaustur-suðvestur. Tóftin er tvískipt, hugsanlega fjárhús með garða. Ummálið er 8,7x6,7m og lægðirnar sjálfar um 130sm breiðar, sú nyrðri er 6m löng og hin 7m.

Aðrar upplýsingar:

Á túnakorti frá 1919 er sýnt útihús á þessum stað í túninu.

Heimildaskrá:

Túnakort. Kúskerpi (1919). Guðmundur Sveinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Kúskerpi 146314 – 210 - 6

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Staðsetning: A 489004 N 551598

Hættumat: Lítil hætta. Þarna gætu minjar verið í hættu ef hreyft er við jarðvegi.

Staðhættir:

Á túnakorti er sýnt úтиhús syðst og austast í gamla túninu á Kúskerpi.

Lýsing:

Engar minjar voru sýnilega á þessum stað (A 489004 N 551598) þegar farið var á vettvang 2. ágúst 2007. Þó er ekki útilokað að eitthvað leynist þarna undir sverði.

Heimildaskrá:

Túnakort. Kúskerpi 1919. Unnið af Guðmundi Sveinssyni. Þjóðskjalsafn Íslands.

Kúskerpi 146314 – 210 - 7

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 488939 N 551699

Ástand: Horfið

Hættumat: Lítil hætta. Þarna gætu minjar verið í hættu ef hreyft er við jarðvegi.

Staðhættir:

Á túnakorti er sýnt úтиhús skammt suðvestan við gamlabæinn á Kúskerpi.

Lýsing:

Engin merki sáust um byggingu á þessum stað (A 488939 N 551699) þegar farið var á vettvang 2. ágúst 2007.

Aðrar upplýsingar:

Í bókinni Ég vitja þín æska segir Ólína Jónasdóttir (1885-1956) m.a. frá húsakynnum á Kúskerpi þegar hún var þar sem barn og unglingsur. Þar segir m.a.: „Fjósið var kippkorn frá bænum“ (bls. 20).

Heimildaskrá:

Ólína Jónasdóttir. Ég vitja þín æska: Minningar og stökur. Akureyri: Norðri, 1946.

Kúskerpi 146314 – 210 - 8

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Nákvæma lýsingu á staðháttum vantar.

Lýsing:

Engar minjar fundust á vettvangi sem hægt er að tengja með öryggi við heimildina um þetta hesthús.

Aðrar upplýsingar:

Í bókinni Ég vitja þín æska segir Ólína Jónasdóttir (1885-1956) m.a. frá húsakynnum á Kúskerpi þegar hún var þar sem barn og unglingsur. Þar segir m.a.: „Á öllum hurðum fyrir gripahúsum voru tjörukrossar. Minnist ég þess, að haust eitt var rifið ofan af kofa, sem tryppi og folold voru hýst í á vetrum. Dyrnar á kofa þessum höfðu verið mjög lágar, en voru nú hækkaðar og sett ný hurð fyrir. Þegar kom fram á vetur og tryppi skyldu látin í kofann, kom í ljós að enginn var krossinn á hurðinni, en tjara ekki til á bænum. Kristrún fyrirbauð að láta nokkra lifandi skepnu í kofann, fyrr en búið væri að lagfæra þetta. Var nú sent til næstu bæja að afla tjöru, og er hún hafði fengizt og krossinn var kominn á hurðina, voru engin vandkvæði á því að hýsa skepnur í kofanum“ (bls. 28-29).

Heimildaskrá:

Ólína Jónasdóttir. *Ég vitja þín æska: Minningar og stökur.* Akureyri: Norðri, 1946.

Minjar utan túns

Kúskerpi 146314 – 210 - 9

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 489046 N 551715

Ástand: Hleðslur fallnar, grónar.


Hættumat: Lítill hætta. Minjarnar eru helst í hættu vegna ágangs búfjár.

Staðhættir:

Skvæmt frásögu Ólínu Jónasdóttur voru kvíarnar rétt ofan við túnið. (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946, bls. 38).

Lýsing:

Vegslóði liggur til norðausturs upp með gamla túninu suðaustan við núverandi íbúðarhús, hann sveigir svo til



Teikning 14

suðausturs og upp brekkuna fyrir ofan túnið. Neðan við vegslóðann og að því er virðist að hluta til undir honum er einföld tóft. Það sem sýnilegt er af tóftinni er um 10x7m að ummáli, og um 3x8 að innan. Mesta breidd veggja er 1m og hæð um 15sm. Tóftin er algróin og fremur ógreinileg. Þó sér móta fyrir dyrum til suðvesturs. Hugsanlega eru þetta kvíarnar sem Ólína lýsir.

Aðrar upplýsingar:

Í bókinni Ég vitja þín æska sem út kom árið 1946 segir Ólína Jónasdóttir (1885-1956) frá æskuárum sínum á Kúskerpi, þar segir: „Kvíarnar, þar sem ærnar voru mjólkaðar, voru rétt ofan við túnið. Þær voru hlaðnar úr torfi og grjóti. Efst á vegginn var lögð torfa, svo að þar varð grænn grasbekkur. Kvíarnar voru grafnar að hálfu í jörð niður. Dyr voru á Kvíunum og yfir þeim tvær litlar spýtur með litlu millibili, og niður á milli þeirra var hurðinni smeygt.“ (bls. 38).

Hættumat:

Tóftirnar virðast hafa lent að hluta til undir veginum sem liggur upp í fjallið og girðing liggur sömuleiðis yfir norðurhluta tóftarinnar.

Heimildaskrá:

Ólína Jónasdóttir. *Ég vitja þín æska: Minningar og stökur.* Akureyri: Norðri, 1946.

Kúskerpi 146314 – 210 - 10

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag, torfhleðsla

Staðsetning: A 489052 N 551699

Ástand: Hleðslur fallnar, grónar.

Hættumat: Lítil hætta. Minjarnar eru helst í hættu vegna ágangs búfjár.

Staðhættir:

Umrætt garðlag liggur ofan við gamla túnið á Kúskerpi, neðan við mögulegar kvíar (146314 – 210 - 19).

Lýsing:

Vegslóði liggur til norðausturs upp með gamla túninu suðaustan við núverandi íbúðarhús, hann sveigir svo til suðausturs og upp brekkuna fyrir ofan túnið. Neðan við vegslóðann og að því er virðist að hluta til undir honum er einföld tóft (146314 – 210 - 10). Um 7m suðaustur af tóftinni er garðlag um 70sm breitt og 30sm hátt. Algróið og mjög ógreinilegt á kafla. Annað garðbrot liggur neðan við húsin og steinana og kemur þvert á hið fyrra. Óvist er hvort um leifar túngarðs er að ræða eða gamlar hleðslur undir girðingar.

Kúskerpi 146314 – 210 - 11

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur/Tóft

Staðsetning: A 489069 N 551655

Hættumat: Lítil hætta. Minjarnar eru helst í hættu vegna ágangs búfjár.



Staðhættir:

Í örnefnaskrá Gísla Magnússonar fyrir Kúskerpi segir: „Suður og niður undan henni [Hæðinni suður undan Hellisklöpp], utan við Ullarlækinn er Lambhúshóll.“ (RI, bls. 7). Niðurgröfturinn er vestarlega upp á hólnum.

Lýsing:


Niðurgröftur 2x2m og um 40sm djúpur. Með góðum vilja má greina veggi með útbrúnunum, mjög sokkna og gamallega, um 1m breiða og 5sm háa.

Heimildaskrá:

Gísli Magnússon. Örnefnaskrá: *Kúskerpi*. Örnefnastofnun Íslands.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Kúskerpi*. Örnefnastofnun Íslands.

Mynd 20, niðurgröftur (146314 - 210 - 11) efst á Lambhúshóli. Horft til norðvesturs. Meintar kvíar (146314 - 210 - 9) eru á næsta hól, neðan við jeppann. Ljósm. GSS.



Kúskerpi 146314 – 210 - 12

Hlutverk: Óþekkt/Lambhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 489045 N 489045

Ástand: Hleðslur fallnar, sokknar að hluta, grónar.

Hættumat: Lítil hætta. Minjarnar eru helst í hættu vegna ágangs búfjár.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Gísla Magnússonar fyrir Kúskerpi segir: „Suður og niður undan henni [Hæðinni suður undan Hellisklöpp], utan við Ullarlækinn er Lambhúshóll.“ (RI, bls. 7). Umrædd tóft er neðan við Lambhúshól um 50m suður af meintum kvíum (146314 – 210 - 9) og um 50m austur af Valdimars-/Vallaneshúsum (146314 – 210 - 3). Um 20m neðan (suðvestan) við þessa tóft er önnur tóft, tvískipt (146314 – 210 - 13).

Lýsing:


Tóftin er suðvestan í Lambhúshól og liggur nálega norður-suður. Innanmál er 7x3m veggir eru ágætlega greinilegir um 1m breiðir og 40sm háir allir nema vesturveggurinn

sem er mjög hruninn og óljós. Annars er tóftin vel gróin og sker sig lítið frá umhverfinu og er gamalleg.

Heimildaskrá:

Gísli Magnússon. Örnefnaskrá: *Kúskerpi*. Örnefnastofnun Íslands.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Kúskerpi*. Örnefnastofnun Íslands.



Mynd 21, horft til suðvesturs yfir tóft (146314 - 210 - 13)
neðst á Lambhúshóli. Ljósm. GSS

Teikning 16

Kúskerpi 146314 – 210 - 13

Hlutverk: Óþekkt/Lambhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 489028 N 551631

Ástand: Hleðslur fallnar, sokknar að hluta, grónar.

Hættumat: Lítill hætta. Minjarnar eru helst í hættu vegna ágangs búfjár.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Gísla Magnússonar fyrir Kúskerpi segir: „Suður og niður undan henni [Hæðinni suður undan Hellisklöpp], utan við Ullarlækinn er Lambhúshóll.“ (RI, bls. 7). Umrædd tóft er neðarlega við rætur Lambhússhóls um 30m suðaustan við Valdimars-/Vallaneshús (146314 – 210 - 3) og um 20m neðan við óþekkta tóft (146314 – 210 – 12) á sama hóli.

Lýsing:

Tóftin stendur í svölitum halla og liggur í norðaustur-suðvestur og er alls um 11x7m. Hún er tvískipt, norðari hlutinn er um 4x4m að innanmáli og dyr virðast vera vestast á norðurvesturvegg. Syðra hlutinn er um 2x3m og eru dyr fyrir miðjum suðvesturvegg. Veggir eru um 1m breiðir og 30sm háir. Tóftin er öll veg gróin og sokkin og virðist gömul.

Heimildaskrá:

Gísli Magnússon. Örnefnaskrá: *Kúskerpi*. Örnefnastofnun Íslands.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Kúskerpi*. Örnefnastofnun Íslands.

Kúskerpi 146314 – 210 - 41

Hlutverk: Mótekja

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 489371 N 552026

Ástand: Öll ummerki um mótekju eru horfin

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir:

Norðvestur af núverandi íbúðarhúsi á Kúskerpi var áður blaut mýri, neðan við þar sem gamli hringvegurinn liggar.

Lýsing:

Búið er að þurrka upp svæðið og þarna eru nú slétt tún.

Aðrar upplýsingar:

Parna var áður fyrr tekinn mór samkvæmt Maríu Jóhannsdóttur bóna á Kúskerpi.

Heimildaskrá:

Heimildamaður Maríu Jóhannsdóttir

Kúskerpi 146314 – 210 - 14

Sérheiti: Björnshús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóftir

Staðsetning: A 489016 N 552037

Ástand: Hleðslur standa, grónar.

Hættumat: Mikil hætta vegna skógræktar, búið er að planta trjám á svæðinu umhverfis tóftirnar. Að vísu er ekki um eiginlegar fornminjar að ræða þar sem húsin eru frá fjórða áratug 20. aldar, en eldri minjar virðast einnig vera á staðnum.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Frá heimildarmönnum“ segir: „Björnshúshétu fjárhús uppi í brekkum, heldur út og upp frá yngra íbúðarhúsinu og þónokkurn spöl upp frá.“ (bls. 9). Þá segir í örnefnaskrá Rósmundar undir kaflaheitinu „Mannvirkjaleifar í haga“: „Leifar Björnshúsa, sem fyrr eru nefnd, eru á stalli spölkorn neðan við Syðri-Stekkjarklöpp, aðeins suður og niður frá klettinum og sem næst í línu að efra íbúðarhúsinu.“ (bls. 9-10).

Lýsing:

Tóftin liggar norðaustur-suðvestur einföld fjárhús með hlöðu eða heytóft aftan við. Garðinn er 5m langur, 30sm hár og 1m breiður og virðist ganga alla leið út í gafli. Nyrðri króin er um 130sm breið en sú syðri um 1m, dyr eru úr báðum króm til suðvesturs. Heytóftin/hlaðan er 6x4m að innanmáli og innangegt inn á garðann. Tóftin er mjög vel gróin en þó sést víða í grjót, einkum í innveggjum fjárhússins. Mesta hæð veggja er

60sm, breiddin um 1m. Norðvestan við hlöðuna er önnur smærri tóft, 6x5m að utanmáli, 2,7x2m að innan og dyr virðast vera á suðurhorni. Grjót finnst í veggjum en sést ekki vegna gróðurs. Þessi tóft lítur út fyrir að vera eldri en fjárhúsin eða verr gerð. Veggur að norðaustan er mjög mikið hruninn aðrir veggir eru um 30sm að hæð og 110sm að breidd. Mögulega eru þetta leifar stekkjar sem á að vera á þessu svæði.

Aðrar upplýsingar:

Enn segir í örnefnaskrá Rósmundar undir kaflaheitinu „Mannvirkjaleifar í haga“: „Veggir standa í meira en hálfs metra hæð. Þetta hefur verið garðahús (einn garði og tvær krær) ca. 7 x 8 metrar að utanmáli og líklega tóft austan við 5 – 6 m. Norðaustan og austan við mótar fyrir garði. Hér er (haustið 2004) gras geysimikið og erfitt að átta sig á mannvirkjaleifum. [...] Hús þessi byggði Björn Björnsson, er síðar bjó í Borgargerði í Norðurárdal, en hann bjó á Kúskerpi 1934-1938.“ (bls. 9-10).

Heimildaskrá:

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Kúskerpi*. Örnefnastofnun Íslands.

Kúskerpi 146314 – 210 - 15

Sérheiti: Björnshús

Hlutverk: Óþekkt/Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 489011 N 552041

Ástand: Hleðslur fallnar, grónar.

Hættumat: Mikil hætta vegna skógræktar, búið er að planta trjám á svæðinu umhverfis tóftirnar.


Staðhættir:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Frá heimildarmönnum“ segir: „Björnshúshétu fjárhús uppi í brekkum, heldur út og upp frá yngra íbúðarhúsinu og þónokkurn spöl upp frá.“ (bls. 9). Þá segir í örnefnaskrá Rósmundar undir kaflaheitinu „Mannvirkjaleifar í haga“: „Leifar Björnshúsa, sem fyrr eru nefnd, eru á stalli spölkorn neðan við Syðri-Stekkjarklöpp, aðeins suður og niður frá klettinum og sem næst í línu að eftir íbúðarhúsinu.“ (bls. 9-10).

Lýsing:

Norðvestan við fjárhús og hlöðutóft (146314-210-15) er önnur smærri tóft, 6x5m að utanmáli, 2,7x2m að innan og dyr virðast vera á suðurhorni. Grjót finnst í veggjum en sést ekki vegna gróðurs. Þessi tóft lítur út fyrir að vera eldri en fjárhúsin eða verr gerð. Veggur að norðaustan er mjög mikið hruninn aðrir veggir eru um 30sm að hæð og 110sm að breidd. Mögulega eru þetta leifar stekkjar sem á að vera á þessu svæði.

Aðrar upplýsingar:



Teikning 17

Enn segir í örnefnaskrá Rósmundar undir kaflaheitinu „Mannvirkjaleifar í haga“: „Veggir standa í meira en hálfs metra hæð. Þetta hefur verið garðahús (einn garði og tvær krær) ca. 7 x 8 metrar að utanmáli og líklega tóft austan við 5 – 6 m. Norðaustan og austan við mótar fyrir garði. Hér er (haustið 2004) gras geysimikið og erfitt að átta sig á mannvirkjaleifum. [...] Hús þessi byggði Björn Björnsson, er síðar bjó í Borgargerði í Norðurárdal, en hann bjó á Kúskerpi 1934-1938.“ (bls. 9-10). Undir kaflaheitinu „Hugað að Hellisklöppum“ segir Rósmundur: „Stekkurinn sem sagður er vera suður af Hellisklöppum, þó aðeins ofar, og neðan við Stekkjarklappir, sést ekki í fljótu bragði haustið 2004. Líklegur staður er þar sem eru leifar Björnshúsa og hugsanlega hefur Stekkurinn verið þar. En gras er mikið á þessum slóðum, enda eru þessir staðir; Björnshús, Hellisklappir og Stekkjarklappir, innan skógræktarsvæðisins.“ (bls. 10-11).

Heimildaskrá:

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Kúskerpi*. Örnefnastofnun Íslands.

Kúskerpi 146314 – 210 - 16

Sérheiti: Björnshús

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta vegna skógræktar, búið er að planta trjám á svæðinu umhverfis tóftirnar.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Frá heimildarmönnum“ segir: „Björnshús hétu fjárhús uppi í brekkum, heldur út og upp frá yngra íbúðarhúsinu og þónokkurn spöl upp frá.“ (bls. 9). Þá segir í örnefnaskrá Rósmundar undir kaflaheitinu „Mannvirkjaleifar í haga“: „Leifar Björnshúsa, sem fyrr eru nefnd, eru á stalli spölkorn neðan við Syðri-Stekkjarklöpp, aðeins suður og niður frá klettinum og sem næst í línu að efta íbúðarhúsinu.“ (bls. 9-10).

Lýsing:

Þetta garðlag fannst ekki á vettvangi 2. ágúst 2007, en mikill gróður var á svæðinu.

Aðrar upplýsingar:

Enn segir í örnefnaskrá Rósmundar undir kaflaheitinu „Mannvirkjaleifar í haga“: „Veggir standa í meira en hálfs metra hæð. Þetta hefur verið garðahús (einn garði og tvær krær) ca. 7 x 8 metrar að utanmáli og líklega tóft austan við 5 – 6 m. Norðaustan og austan við mótar fyrir garði. Hér er (haustið 2004) gras geysimikið og erfitt að átta sig á mannvirkjaleifum. [...] Hús þessi byggði Björn Björnsson, er síðar bjó í Borgargerði í Norðurárdal, en hann bjó á Kúskerpi 1934-1938.“ (bls. 9-10).

Heimildaskrá:

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Kúskerpi*. Örnefnastofnun Íslands.

Kúskerpi 146314 – 210 - 17

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Uppsprettar

Staðsetning: A 489134 N 552078

Ástand: Í notkun

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Mannvirkjaleifar í haga“ segir: „Leifar Björnshúsa, sem fyrr eru nefnd, eru á stalli spölkorn neðan við Syðri-Stekkjarklöpp, aðeins suður og niður frá klettinum og sem næst í línu að efra íbúðarhúsinu. [...] Skammt sunnan við leifar Björnshúsa og upp undan ytra íbúðarhúsin, er vatnsból og þaðan vatnsleiðsla heim á staðinn.“ (bls. 9-10).

Lýsing:

Vatnsbólið er efst í svölitlu dragi sem liggur frá Björnshúsum upp að túnstykki á Sundunum.

Heimildaskrá:

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Kúskerpi*. Örnefnastofnun Íslands.

Kúskerpi 146314 – 210 - 18

Hlutverk: Óþekkt/Leikstaður

Tegund: Hellir

Staðsetning: A 488875 N 552282

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir: Í örnefnaskrá Gísla Magnússonar fyrir Kúskerpi segir: „Ofan við Úlfshaug heita Brekkur beggja megin merkjanna. Nokkuð brattar og háar, einkum norðan til. Í suður ná þær að túninu. Upp af Brekkum spölkorn út og upp af bænum og sjást vel þaðan eru Hellisklappir Er nafnið dregið af helli sem þar er. Norður af þeim er Hellissund, sem nær út að merkjum.“ (RI, bls. 6). Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar undir kaflaheitinu „Hugað að Hellisklöppum“ segir: „Hellisklappir eru drjúgan spöl út og upp frá efsta húsi í Kúskerpi. Það er skörðótt klettabelti, liggjandi út og suður og nær út að landamerkjum Úlfssstaða. Framan við beltið, nálægt miðju, eru þrjú stök björg eða smáklettar. Við skarð norðarlega er Hellirinn [...]“ (bls. 10-11).



Mynd 22, Hellir út við merki Kúskerpis og Úlfssstaða. Síðast leikstaður barna, hugsanlega hefur hann haft annað hlutverk fyrr á öldum. Horft til suðurs. Ljósm. BZ.

Lýsing:

Hlaðinn garður frá suðvestri til norðausturs þvert fyrir framan mynni hellisins. Grjót er í hleðslunni, sem er um 70sm breið og allt að 50sm há. Mikill gróður var á vettvangi 1. Ágúst 2007. Engar hleðslur eða önnur mannaverk eru sýnileg inní hellinum sjálfum. Hellirinn er á að giska 4m djúpur og mjókkar mikið inn.

Aðrar upplýsingar:

Enn segir í örnefnaskrá Rósmundar: „[...] Hellirinn, ca. 6 metra langur inn í allmikinn klett, munninn víður en skútinn þróngur innan til. Opið er á móti norðri. Þarna í Hellisklöppum var vinsæll leikvangur krakka.“ (bls. 10-11).

Heimildaskrá:

Gísli Magnússon. Örnefnaskrá: *Kúskerpi*. Örnefnastofnun Íslands.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Kúskerpi*. Örnefnastofnun Íslands.

Kúskerpi 146314 – 210 - 20

Sérheiti: Ullarlækur

Hlutverk: Þvottastaður

Tegund: Lækjarfarvegur

Staðsetning: A 489194 N 551553

Ástand: Þurr

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Gísla Magnússonar fyrir Kúskerpi segir: „[Ullarlækur] fellur niður fjallið ekki langt utan við merkin milli Kúskerpis og Uppsala.“ (RI, bls. 6).

Lýsing:

Búið er að þurrka neðri Sundin ofan við Kúskerpi og grafa skurði sunnan og austan við gamla túnið, þá er skurður er á merkjum Kúskerpis og Uppsala. Lækurinn hefur þornað upp við þessar framkvæmdir eða fundið sér farveg í merkjaskurðinum. Þó er gamli farvegurinn enn greinilegur milli melhóla austur við merkin.

Heimildaskrá:

Gísli Magnússon. Örnefnaskrá: *Kúskerpi*. Örnefnastofnun Íslands.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Kúskerpi*. Örnefnastofnun Íslands.

Kúskerpi 146314 – 210 - 21

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Gísla Magnússonar fyrir Kúskerpi segir: „Ofan við Stekkjarklappirnar og

Brekkuna taka við breið, slétt mýrarsund og heita Sund. [...] Sundin eru klofin sunnan til af klappa- og melhrygg. Þar yst Efri-Stekkjarklappir, þá Fjallhúsamelur og Litluvörðumelur syðst. Fjallhús voru utarlega á Fjallhúsamel.“ (RI, bls. 6).

Lýsing:

Varðan var ekki skoðuð á vettvangi.


Aðrar upplýsingar:

Örnefnið Litluvörðumelur bendir til að þar hafi verið hlaðin varða.

Heimildaskrá:

Gísla Magnússon. Örnefnaskrá: *Kúskeppi*. Örnefnastofnun Íslands.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Kúskeppi*. Örnefnastofnun Íslands.



Teikning 18

Kúskeppi 146314 – 210 - 22

Sérheiti: Fjallhús

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 489572 N 552151

Ástand: Hleðslur fallnar

Hættumat: Lítill hætta. Minjunum stafar helst hætta af ágangi búfjára.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar fyrir Kúskeppi undir kaflaheitinu „Mannvirkjaleifar í haga“ segir: „Leifar Fjallhúsa eru upp undan bænum [Kúskeppi] og sunnan við hæsta toppinn á

Fjallhúsamel, sem er há klappahæð.“ (bls. 9). Í örnefnaskrá Gísla Magnússonar fyrir Kúskeppi segir: „Ofan við Stekkjarklappirnar og Brekkuna taka við breið, slétt mýrarsund og heita Sund [...] Sundin eru klofin sunnan til af klappa- og melhrygg. Þar yst Efri-Stekkjarklappir, þá Fjallhúsamelur og Litluvörðumelursyðst.“ (RI, bls. 6).

Lýsing:

Berar grjóthleðslur eru greinilegar í öllum veggjum húsanna, en mikill gróður innan tóftanna og utan. Veggir eru á bilinu 100-110sm breiðir og 50sm háir. Húsin snúa nálega norðvestur-suðaustur og eru alls um 17,5-12m að utanmáli. Syðst og austast eru fjárhús með garða og dyr til suðausturs. Að utanmáli er fjárhúsið án hlöðunnar um 12x7,5m, garðinn er grjóthlaðinn 8,20m langur og 1m breiður og 25sm háir. Aftan (nv) við fjárhúsin er hlaða eða heytóft, 3x5m að innanmáli. Innangengt er úr hlöðunni/tóftinni inn á garðann og mögulega dyr út austast á suðurvegg. Norðan við fjárhúsið annað hús eða rétt, sem

liggur samhliða því og með sameiginlegan vegg, 7x2,7m að innanmáli, með dyr til suðausturs. Norðurveggur þessarar byggingar eru mjög mikið hruninn. Um 3m frá suðausturhorni fjárhússins er nær hringлага grjóthrúga, greinilega manngerð en óljóst hvaða tilgangi hún hefur gegnt.

Aðrar upplýsingar:

